



# Söngbók Vesturkots

---

Leikskólinn Vesturkot

Miklaholt 1, 220 Hafnarfjörður

---

## 1. Í leikskóla er gaman

D G D  
 Í leikskóla er gaman, þar leika allir saman.  
 A D  
 Leika úti og inni og allir eru með.  
 D G D  
 Hnoða leir og lita, þið ættuð bara að vita  
 A D  
 hvað allir eru duglegir í leikskólanum hér.

## 2. Mér finnst gott að borða

D  
 Mér finnst gott að borða  
 D  
 Blómkálssúpu og brauð  
 A  
 Hamborgara, kjúklinga og súkkulaðifrauð  
 D  
 Fisk og gos og franskar, finnst mér gott að fá  
 A  
 og flatköku með miklu smjöri'  
 D  
 og hangikjöti á  
 G  
 Fisk og franskar  
 D  
 finnst mér gott að fá  
 A  
 og flatköku með miklu smjöri'  
 D D<sup>7</sup>  
 og hangikjöti á

## 3. Allur matur

D A D  
 Allur matur á að fara  
 D A D  
 upp í munn og ofan í maga  
 D G D  
 Heyriði það, heyriði það  
 Bm A D  
 svo ekki gauli garnirnar

Mér sýnist koma þjónninn þar  
 Þagna skulu allir nú  
 Gjörið svo vel, gjörið svo vel  
 Við göngum að borði stillt og þrúð

## 4. Dansar á pallinum

D  
 \_\_\_\_\_ dansar á pallinum  
 D A  
 og \_\_\_\_\_ skellihlær  
 A  
 \_\_\_\_\_ er á sokkunum  
 A D  
 og \_\_\_\_\_ datt í gær  
 D G  
 \_\_\_\_\_ keyrir bíl með \_\_\_\_\_ í  
 A D  
 og \_\_\_\_\_ kastar bolta til \_\_\_\_\_

## 5. Á Vesturkoti er gaman

Á Vesturkoti' er gaman, saman  
leikum okkur saman  
förum í boltaleik  
Förum í kastalann, sandkassann  
Hoppum og förum svo í  
rennibrautina

Á Vesturkoti' er gaman, saman  
Á Vesturkoti' er gaman, saman

## 6. Dýravísur

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur,  
galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá  
vísu, gamli Jarpur.  
Aldrei hefur fallið frá  
frækilegri garpur.

Þá var taða, þá var skjól  
þá var fjör og yndi.  
Þá var æska, þá var sól  
þá var glatt í lyndi.

Gefðu ungum gæðingum  
græna tuggu á morgnunum.  
Launa þeir með léttfærum  
lipru, sterku fótunum.

Taktu eftir tittlingum,  
trítla þeir á klakanum.  
Metta þá af molunum,  
mað' r af ríku borðunum.

Hani, krummi, hundur, svín,  
hestur, mús, tittlingur,  
galar, krunkar, geltir, hrín,  
gneggjar, tístir, syngur.

## 7. Tönnin mín

Tönnin mín, tönnin mín  
tönnin mín er sæt og fín  
burstuð hún alltaf er  
bæði þar og hér.  
Borða góðan hollan mat  
á tönnina kemur ekki gat  
tönnin mín, tönnin mín  
alltaf hvít og fín.

Tönnin er með gati hér  
grátandi hún líka er  
burstuð hún ekki var  
hvorki hér né þar.  
Kárius á henni sat  
og hjó í hana stærðar gat  
tönnin er með gati hér  
grátandi hún er.

## 8. Kisa mín

Kisa mín, kisa mín  
kisa litla grætur.  
Veistu um, veistu um  
vetrarmyrku nætur?

Litli grís, litli grís,  
leggstu hér á feldinn.  
Sé þér kalt, sé þér kalt,  
settu sprek á eldinn.

Góða kýr, góða kýr,  
gáfuleg í auga.  
Bítur gras, bítur gras,  
býr til skrýtna hauga.

Kisa mín, kisa mín,  
kúrir sig og malar.  
Músasteik, músasteik,  
malar um og hjalar.

## 9. Gæsamamma

Gæsamamma gekk af stað  
með gæsabörnin smáu,  
niðri á túni hún ætlaði  
að eta grösín lágu.  
Þá kom hrafninn: krunk, krunk, krá,  
kolsvartur í framan,  
hann eta vildir unga smá,  
ekki var það gaman.

Gæsin hvæsti: „Farðu frá!  
þú færð ei unga mína!“  
og undir vængjum vafði smá  
veslingana sína.  
En hrafninn krunkar: „Kelli mín  
ég kroppa þig í stélið,  
og síðan bít ég börnin þín,  
og brýt þau öll í mélið.“

Þennan býsna ljóta leik  
Lobba sá, og undur  
var hún fljót að koma á kreik  
með kjaftinn glenntan sundur,  
svarta krumma óð hún að  
og ætlaði hann að bíta,  
þá fjótur krummi flaug af stað  
því fjarska reið var „títa“.

Þá varð Gæsamamma glöð,  
góð við sína krakka,  
sagði: „Við skulum, hó, hæ, hröð  
henni Lobbu þakka.“  
Þú hefur, tíka, lið mér léð;  
þó lítil sé það borgun,  
skaltu eta okkur með  
okkar graut á morgun.

## 10. Ég ætla að syngja

Ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja lítið lag.

Hérna eru augun,  
hérna eru eyrun,  
hérna er nebbinn minn  
og munnurinn.

Ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna er bringan,  
hérna er naflinn,  
hérna er rassinn minn  
og búkurinn.

Ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna eru fingurnir,  
hérna er höndin,  
hérna er olboginn  
og handleggurinn.

Ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja,  
ég ætla að syngja lítið lag.  
Hérna eru tærnar,  
hérna er hællinn.  
hérna er hnéð á mér  
og fótleggur hér

## 11. Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu  
við klöppum öll í einu  
við klöppum öll í einu  
það líkar okkur best.

Við hoppum öll í einu....  
Við brosum öll í einu....  
Við syngjum öll í einu....  
Við stöppum öll í einu....

## 12. Það var einu sinni api

D G A D  
 Það var einu sinni api í ofsa góðu skapi  
 D G A D  
 hann vildi ekki grautinn en fékk sér banana  
 Bananana - (smella tvisvar í góminn)  
 Bananana - (smella tvisvar í góminn)  
 Banananana, banananana  
 Bananana - (smella tvisvar í góminn).

Í örkinni hans Nóa, öll dýrin fór 'að róa,  
 hestur, hundur, hæna og líka krókódíll.  
 Krókókódíll (urr urr)  
 Krókókódíll (urr urr)  
 Krókókódíll o Krókókódíll o  
 Krókókódíll (urr urr)

## 13. Dýrin í Afríku

Hér koma nokkrar vísur,  
 sem þið viljið mäske heyra  
 um dýrin úti í Afríku  
 um apana og fleira.

Viðlag:  
 :, Hoja, hoja, ha, ha, ha :,  
 um dýrin úti í Afríku  
 um apana og fleira.

Hæst í trjánnum hanga þar  
 hnetur og bananar.  
 Þar hefðarapar hafa bú,  
 þeir heita bavíanar.

Úr pálmablöðum eru gerðar  
 apabarnavöggur,  
 en barnfóstran er voða gamall  
 páfagaukaskröggur.

Og kóngurinn í skóginum  
 er ljónið sterka og stóra.

Hans kona er ljónadrottningin  
 - hún étur á við fjóra!

Og hér þarf ekkert slökkvilið  
 og engan brunahana.  
 Því fíllinn slekkur allan eld  
 með ógnarlöngum rana.

Í trjánnum sitja fuglarnir  
 og syngja allan daginn  
 og vatnahestur bumbu ber og bumban - það er  
 maginn!

Þetta er fjörug músík,  
 svo öll dýrin fara að dansa.  
 Þau dansa fram á rauða nótt,  
 og vilja ekki stansa.

Hjá gíröffunum var sút og sorg  
 það var svei mér ekki af engu.  
 Því átta litlir gíraffar  
 illt í hálsinn fengu.

En nashyrningur læknir kom  
 með nefklemmur og tösku.  
 Og hann gaf öllum hálstöflur  
 og hóstasaft af flösku.

Krókódíllinn stóri hann fékk  
 kveisu hér um daginn.  
 Hann hafði étið apakött,  
 sem illa þoldi maginn.

Svo var skinnið skorið upp.  
 Það skelfing var að heyra.  
 Kvæðið langtum lengra er,  
 en ég lærði ekki meira.

## 14. Ein stutt, ein löng

G C Am  
 Ein stutt, ein löng, hringur á stöng  
 D G  
 og flokkur sem spilaði' og söng

G C  
 Köttur og mús og sætt lítið hús  
 D G  
 sætt lítið hús og köttur og mús

*Ein stutt, ein löng..*

Penni og gat og fata sem lak  
 fata sem lak og penni og gat

*Ein stutt, ein löng..*

Lítill og mjór og feitur og stór  
 feitur og stór og lítill og mjór

*Ein stutt, ein löng..*

## 15. Ding, dong

D A  
 Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag  
 D A A<sup>7</sup>  
 Ding, dong, sagði lítill grænn froskur

D A  
 Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag  
 A<sup>7</sup> D  
 og svo líka ding, dong, spojojojjong

-Mm, unn, sagði lítill græn eðla einn dag...  
 og svo líka mm, unn, ununununun

-King, kong, sagði stór svartur api einn dag...  
 og svo líka king, kong, gojojjojjong

-Mjá, mjá, sagði lítill grá kisa einn dag...  
 og svo líka mjá, mjá, mjááááá

-Blúbb, blúbb, sagði lítill blár fiskur einn dag...  
 og svo líka blúbb, blúbb, blúbbúbúbúbú

-Dsss, dsss, sagði lítill gul fluga einn dag...  
 og svo líka dsss, dsss, dssssssssss

-Voff, voff, sagði lítill brúnn hundur einn dag.  
 og svo líka voff, voff, voffoffoffoff

## 16. Fimm litlir apar sátu uppí tré

D A D  
 Fimm litlir apar, sátu uppí tré  
 D  
 Þeir voru að stríða krókódíl

A D  
 „Þú nærð ekki mér!“

Þá kom hann herra Krókódíll  
 svo hægt og rólega ooog, amml!

*Fjórir litlir apar..*  
*Þrír litlir apar..*  
*Tveir litlir apar..*  
*Einn lítill api..*

## 17. Fimm litlir apar, hoppa á dýnu

D A<sup>7</sup>  
 Fimm litlir apar, hoppa á dýnu  
 A<sup>7</sup> D  
 einn datt af og meiddi sig þínu

D  
 Mamma kyssti' á bágtið (KYSSA)

G  
 og sagði: „Allt í fínu, en nú

D  
 mega ekki fleiri apar

A<sup>7</sup> D  
 hoppa á dýnu!“

*Fjórir litlir apar..*  
*Þrír litlir apar..*  
*Tveir litlir apar..*  
*Einn lítill api..*

## 18. Fingurnir + Tásurnar

C  
Einn lítill, tveir litlir, þrjú litlir fingur  
G  
fjórir litir, fimm litlir, sex litlir fingur  
C  
sjö litlir, átta litlir, níu litlir fingur  
G<sup>7</sup> C  
tíu litlir fingur á börnum  
Ein lítill, tvær litlar, þrjár litlar tásur  
fjórar litlar, fimm litlar sex litlar tásur  
sjö litlar, átta litlar, níu litlar tásur  
tíu litlar tásur á börnum

## 19. A ramm samm samm

D  
:,: A ramm samm samm  
a ramm samm samm  
A  
gúllí, gúllí, gúllí, gúllí, gúllí  
D  
ramm samm samm :,:  
D  
:,: Hér er ég, hér er ég  
A  
gúllí, gúllí, gúllí, gúllí, gúllí  
D  
ramm samm samm :,:

## 20. Dúkkann hennar Dóru

D A  
Dúkkann hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt  
A  
Hún hringdi' og sagði lækni'  
D  
að koma fljótt, fljótt, fljótt  
D A  
Læknirinn kom með sína tösku' og sinn hatt  
A D  
hann bankaði' á hurðina rattatatata

D A  
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus  
A D  
„hún strax skal í rúmið og ekkert raus“  
D A  
Hann skrifað' á miða hvaða pillu' hún skildi fá  
A D  
„Ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik  
þá“

## 21. Nafnalagið

D  
Nú skulum við segja hvað við heitum (heitum)  
D  
Nú skulum við segja hvað við heitum (heitum)  
D G D  
Hvað heitir þú?  
D  
"\_\_\_\_\_", "\_\_\_\_\_", já-já-já  
G  
"\_\_\_\_\_", "\_\_\_\_\_", já-já-já

## 22. Í rigningu ég syng

:/: Í rigningu ég syng :/  
Það er stórkostlegt veður  
og mér líður svo vel.  
Pumlar upp...  
:/: atjúttítja atjúttítja atjúttítja tja :/:

Í rigningu ég .....

Arma að.....  
Fætur inn.....  
Rassinn út.....  
Á öðrum fæti.....  
Tungan út.....

## 23. Litli Óli í skógi

Litli Óli í skógi, milli trjánna hann reikar  
og svo allt í einu sér hann voða stóran hund,  
ooo :.holli rassi hí ha, holli rassi hí.:

Litli Óli í skógi, milli trjánna hann reikar  
og svo allt í einu sér hann voða stóran  
skógarbjörn  
:.holli rassi hí ha, holli rassi hí.:

...voða stóra mjólkurkú  
...voða sæta mjaltarkonu  
...voða sterkan vinnumann  
Hundur: he he (út með tungu)  
Skógarbörn: Klór (með höndum)  
Mjólkurkú: Dss Dss (mjólka)  
Mjaltarkona: dída dída (heilsa)  
Vinnumaður: ooooooooooh

## 24. Tvö skref til hægri

D  
Tvö skref til hægri og tvö skref til vinstri.  
G D A<sup>7</sup>  
D  
Beygja arma, rétta arma, klappi, klappi, klapp.  
D A  
Hálfan hægri hring,  
A D  
Hálfan vinstri hring.  
G D  
Hné og magi, brjóst og enni,  
A<sup>7</sup> D  
klappi, klappi, klapp.

## 25. Lagið um það sem er bannað

A E A  
Það má ekki pissa bak við hurð  
F<sup>#</sup>m C<sup>#</sup>m  
og ekki henda grjóti oní skurð,  
E A  
Ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó  
B<sup>7</sup> E E<sup>7</sup>  
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.  
Það má ekki vaða út í sjó  
og ekki fylla húfuna af snjó  
Ekki tína blómin sem eru úti í beði  
og ekki segja ráddi heldur réði.

A C<sup>#</sup>m F<sup>#</sup>m E  
Þetta fullorðna fólk er svo skrítið  
A C<sup>#</sup>m F<sup>#</sup>m E  
Það er alltaf að skamma mann  
A C<sup>#</sup>m F<sup>#</sup>m E  
Þó maður gerir ekki neitt  
Bm E A  
Það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall  
og ekki gefa ketti drullumall  
Og ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu  
og ekki tína orma handa mömmu.  
Það má ekki hjóla inn í búð  
og ekki gefa litla bróður snúð  
Ekki fara að hlægja þó einhver sé að detta  
og ekki gera hit tog ekki þetta.

*Þetta fullorðna fólk er svo skrítið...*

## 26. Bátasmiðurinn

D G D  
Ég negli og saga og smíða mér bát  
A<sup>7</sup> D A<sup>7</sup> D  
og síðan á sjóinn ég sigli með gát.  
Og báturinn vaggar og veltist um sæ  
ég fjörugum fiskum með færinu næ.



## 27. Faðir Abraham

Faðir Abraham og hans synir  
og hans synir faðir Abraham.  
Og þeir átu kjöt og þeir drukku öl  
og þeir skemmtu sér mjög vel.

Hægri hönd (slá í takt)  
vinstri hönd  
hægri fótur  
vinstri fótur  
höfuðið með  
búkurinn með

## 28. Ryksugan á fullu

E  
Ryksugan á fullu étur alla drullu  
A  
tralalala, tralalala, tralalala  
E  
Sópa burtu ryki, með kúst og gömlu priki  
A  
tralalala, tralalala, tralalala  
D A  
Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa  
D A  
ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa  
F G A  
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi  
F G A  
og syngi ekki sitt af hvoru tagi

Út með allan skítinn, svo einhver vilji líta inn  
tralalala, tralalala, tralalala  
Skúra skúbba' og bóna rífa' af öllum skóna  
tralalala, tralalala, tralalala  
Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa  
ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa  
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi  
og syngi ekki sitt af hvoru tagi

## 29. Gráðug kelling

C  
Gráðug kelling, hitaði sér velling,  
og borðaði, namm, namm, namm  
G<sup>7</sup>  
og síðan sjálf, jamm, jamm, jamm  
G C  
af honum heilan helling.  
C  
Svangur kallinn, varð alveg dolfallinn,  
og starði svo, sko, sko, sko,  
G<sup>7</sup>  
heilan dag, oh, oh, oh,  
G C G C  
ofan í tóman dallinn, aumingja kallinn,  
G C  
datt oní dallinn.

## 30. A og bé

D  
A og bé, spott og spé  
A<sup>7</sup> D  
grísinn galar upp í tré  
D  
Lítil mús, til okkar fús  
A<sup>7</sup> D  
kom og byggði hús  
A<sup>7</sup> D  
Lamb í baði  
A<sup>7</sup> D  
borðar súkkulaði  
A<sup>7</sup> D  
Hundur jarmar  
E A<sup>7</sup>  
galar grísinn hátt  
A og bé, spott og spé  
grísinn galar upp í tré  
Hróp og köll, um víðan völl  
og þá er sagan öll

### 31. Pýrnirós

Hún Pýrnirós var besta barn,  
besta barn, besta barn.  
Hún Pýrnirós var besta barn, besta barn.

Þá kom þar galdrakerling inn.....

Á snældu skaltu stinga þig.....

Hún Pýrnirós svaf heila öld.....

Og þýrnigerðið hóf sig hátt.....

Þá kom hinn ungi konungsson.....

Ó vakna þú mín Pýrnirós.....

Og þá var kátt í höllinni.....

### 32. Bangsi lúrir

D A D A D  
Bangsi lúrir, bangsi lúrir, bæli sínu í.  
D G A D  
Hann er stundum stúrin, stírður eftir lúrin.  
D A D A D  
Að hann sofi, að hann sofi, enginn treystir því.

### 33. Tröllalagið

D  
Hátt upp í fjöllum, þar búa tröllin.  
G D A<sup>7</sup> D  
Tröllapabbi, Tröllumamma og litli Trölli Rölli.  
D A  
HÓ!! segir Tröllapabbi,  
A D  
hó segir Tröllumamma,  
G D A D  
En hann litli Trölli Rölli segir bara: hó (hvísla)

### 34. Hérna koma nokkur risatröll

Hérna koma nokkur risatröll, HÓ! HÓ!  
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll, HÓ! HÓ!  
Þau þramma yfir þúfurnar,  
Svo fljúga burtu dúfurnar,  
en bak við ský var sólin hlý í leyni,  
hún skín á tröll, þá verða þau að steini!

### 35. Skýin

A  
Við skýin felum ekki sólina af illgirni  
(klapp, klapp, klapp)

E  
Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna  
(klapp, klapp, klapp)

E  
Við skýin sjáum ykkur hlaupa-ooouúúííh!  
Í rokinu!  
Klædd gulum, rauðum  
grænum og bláum regnkápum

A E  
Eins og regnbogi meistarans  
A E  
regnbogi meistarans,  
D E  
við skýin erum bara grá, bara grá  
D A  
Á morgun kemur sólin  
G C#  
hvað verðum við skýin þá?

## 36. Pálína með prikið

D  
Pálína með prikið  
D  
Potar sér gegn um rykið  
D  
Rogast hún með rjóma  
A D  
Rembist hún með smjör  
D A D  
Þetta verður veisla, vítamín og fjör  
D A D  
Pálína með prikið  
Pálína með pakkann  
Þjakkar heim allan bakkann  
Vertu ekki vond þótt vísan sé um þig  
Pálína með pakkann passar fyrir mig  
Pálína með pakkann

## 37. Pálína og saumamaskína

C  
Það var einu sinni kerling og hún hét Pálína,  
Pálína-na-na,  
G7  
Pála-Pála-Pálína.  
Það eina sem hún átti var saumamaskína,  
maskína-na-na,  
C  
sauma-saumamaskína.

Og kerlingin var lofuð  
og hann hét Jósafat,  
Jósa-fat-fat-fat, Jósa, Jósa, Jósafat.  
En hann var voða heimskur og hún var apparat,  
apparat-rat-rat,  
appa, appa, apparat.

## 38. Dansi, dansi dúkkan mín

D  
Dansi, dansi dúkkan mín  
G A7  
Dæmalaust er stúlkan fín  
D  
Voða fallett hrokkið hár  
A E7 A  
hettan rauð og kjóllinn blár  
A D A7  
Svo er hún með silkiskó  
Bm A7 D  
sokka hvíta eins og snjó  
D G  
Heldurðu ekki að hún sé fín?  
D A7 D  
Dansi, dansi dúkkan mín

## 39. Það er leikur að læra

D A  
Það er leikur að læra  
A D  
leikur sá er mér kær  
D A  
að vita meira og meira  
A D  
meira í dag en í gær  
Bjallan hringir við höldum  
heim úr skólanum glöð  
prúð og frjálslæg í fasi  
fram nú allir í röð

## 40. Puttalagið

D G D  
Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?  
D  
Hér er ég, hér er ég  
A D  
góðan daginn, daginn, daginn.  
Vísifingur, langatöng, baugfingur, litlifingur

## 41. Allir krakkar, allir krakkar

D A  
 Allir krakkar, allir krakkar  
 D A D  
 eru í skessuleik  
 D G  
 Má ég ekki, mamma  
 A D  
 með í leikinn þramma?  
 D A  
 Mig langar svo, mig langar svo  
 D A D  
 að lyfta mér á kreik.

Halló krakkar, halló krakkar,  
 velkomin í dag.

Gaman er að sjá ykkur  
 og gaman er að fá ykkur.

Halló krakkar, halló krakkar,  
 velkomin í dag.

Allir krakkar, allir krakkar  
 eru að fara út.

Út með skóflu og fötu  
 en ekki út á götu.

Allir krakkar, allir krakkar  
 eru að fara út.

Allir krakkar, allir krakkar,  
 eru að fara heim.

Heim til pabba og mömmu,  
 líka afa og ömmu.

Allir krakkar, allir krakkar,  
 eru að fara heim.

## 42. Við erum vinir

D  
 Við erum vinir, við erum vinir,  
 ég og þú, ég og þú  
 leikum okkur saman  
 leikum okkur saman  
 D A D D A D  
 ég og þú, ég og þú

## 43. Við erum góð, góð hvert við annað

Við erum góð,  
 góð hvert við annað  
 stríðum ekki eða meiðum neinn.  
 Þegar við grátum,  
 huggar okkur einhver,  
 þerrar tár og klappar okkar kinn.  
 Þegar við grátum,  
 huggar okkur einhver,  
 þerrar tár og klappar okkar kinn.

## 44. Dagar og mánuðir

D A  
 Sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur,  
 A D  
 miðvikudagur, og fimmtudagur,  
 D G  
 föstudagur, og laugardagur  
 A D  
 og þá er vikan búin  
 D A D A  
 Janúar, febrúar, mars, apríl, maí,  
 D A D A  
 júní, júlí, ágúst, september, október,  
 D A D  
 nóvember og desember.

## 45. Upp, upp, upp á fjall

D  
 Upp, upp, upp á fjall  
 upp á fjallsins brún.  
 Niður, niður, niður, niður  
 A D  
 alveg niður' á tún.

## 46. Bjarnastaðabeljurnar

D

Bjarnastaðabeljurnar

Þær baula mikið núna

Þær eru að verða vitlausar

Það vantar eina kúna

G

Það gerir ekkert til

D

Það gerir ekkert til

A

D

Hún skrapp bara aðeins á klósettið

(Hún kemur um miðaftansbil)

## 47. Ef þú giftist mér

D

A

Ég skal kaupa þér kökusnúð

A

D

með kardimommum og sykurlúð

G

D

ef þú giftist, ef þú bara giftist

A

D

ef þú giftist mér

Ég skal gefa þér gull í ták

og góða skó til að ganga á

ef þú giftist, ef þú bara giftist

ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt

að aldrei við þurfum að kynda neitt

ef þú giftist, ef þú bara giftist

ef þú giftist mér

Ég skal syngja þér ljúflingslög

og leika undir á stóra sög

ef þú giftist, ef þú bara giftist

ef þú giftist mér

Ég skal fela þig fylgsnum í

svo finni þig ekkert pólití

ef þú giftist, ef þú bara giftist

ef þú giftist mér

## 48. Ein sit ég og sauma

D

Ein sit ég og sauma, inn í litlu húsi

enginn kemur að sjá mig, nema litla músin

G

D

G

D

Hoppaðu upp og lokaðu augunum

G

D

G

D

bentu í austur, bentu í vestur

G

D

A

D

bentu á þann sem að þér þykir bestur.

## 49. Komdu nú og kysstu mig

Strákar:

D

Komdu nú og kysstu mig,

A

D

kærastan, ég bið þig!

D

Yndisleg og ástúðleg,

A

D

æjj segðu já!

Stelpur:

A

D

Hún svarar: Nei Nei Nei!

A

D

Nefnd' ekki sei sei sei!

D

Uss, suss, suss, suss, nei nei nei

A

D

nei það er frá!

## 50. Snati og Óli

Heyrðu snöggvast Snati minn,  
snjalli vinur kæri.  
Heldurð' ekki að hringinn þinn,  
ég hermannlega bæri.

Lof mér nú að leika að,  
látúnshálsgjörð þinni.  
Ég skal seinna jafna það,  
með jólaköku minni.

Jæja þá í þetta sinn,  
þér er heimil ólin.  
En hvenær koma kæri minn,  
kakan þín og jólin.

## 51. Komdu niður

D A  
Þegar ég var lítil var ég voða feimin oft  
A  
og væri einhver ókunnugur  
D  
skaust ég upp á loft.  
D G  
En ef að ég var úti, þegar gest að garði bar  
A  
ég geystist upp á hlöðuburst  
D  
og settist niður þar.  
D A  
Komdu niður, kvað hún amma.  
A D  
Komdu niður, sögðu pabbi og mamma.  
D G  
Komdu niður, komdu niður  
A D  
komdu niður, sungu öll í kór.

Svo stækkaði ég meira og þá varð ég voða kát  
og veslings pabba og mömmu  
oft ég setti hreint í mát.

Ég klifraði og hentist yfir hvað sem fyrir var  
ég hoppaði upp á skólapak  
og settist niður þar

*Komdu niður...*

En seinna verð ég stærri  
og það verður gaman þá.  
Og víst er það, að margt þið fáið  
þá til mín að sjá.

Þá ætla ég nú upp til tunglsins  
strax að fá mér far.

Að finna karlinn skrítna  
sem á víst heima þar!

*Komdu niður...*

## 52. Ef þú ert súr, vertu þá sætur

C G Dm C  
Ef þú ert súr vertu þá sætur  
C G Dm C  
sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.  
C G Dm C  
Ekkert er varið í sút eða seyru  
C G Dm C  
teygðu á þér munnvikin út undir eyru.  
Am G  
Galdurinn er að geta brosað  
F C  
geta í hláturböndin tosað  
Am G  
geta hoppað hlegið sungið  
F G C  
endalaust.

Ef þú ert fýldur þá líkistu apa  
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.  
Ekkert er varið í sút eða seyru  
teygðu á þér munnvikin út undir eyru.  
Galdurinn er að geta brosað  
geta í hláturböndin tosað  
geta hoppað hlegið sungið  
endalaust.

## 53. Hey balúba

Hey, balúba  
 (hey, balúba)  
 Hey, hey, balúbalei  
 (hey, hey, balúbalei)  
 oij oij oij  
 (oij oij oij)  
 Balú, balú, baggasei  
 (balú, balú, baggasei)

## 54. Stökur

D  
 Afi minn og amma mín  
 A<sup>7</sup>  
 úti' á Bakka búa  
 A<sup>7</sup>  
 Þau eru bæði sæt og fín  
 D  
 þangað vil ég fljúga.  
 Fljúga hvítu fiðrildin  
 fyrir utan gluggann.  
 Þarna siglir einhver inn,  
 ofur lítil dugga.  
 Afi minn fór á honum Rauð  
 eitthvað suður' á bæi.  
 Að sækja bæði sykur og brauð  
 sitt af hvoru tagi.

Sigga litla systir mín  
 situr úti' í götu.  
 Er að mjólka ána sín  
 í ofurlitla fötu.

Kristín litla, komdu hér  
 með kalda fingur þína.  
 Ég skal bráðum bjóða þér  
 báða lófa mína.

Fuglinn segir bí, bí ,bí  
 bí, bí segir Stína.

Kveldúlfur er kominn í  
 kerlinguna mína.

Buxur, vesti, brók og skó,  
 bættu sokka, nýta,  
 húfutetur, hálsklút þó,  
 háleistana hvíta.

Við hann afa vertu góð  
 virtu þína ömmu.  
 Kysstu hann þabba kindin rjóð  
 klappaðu' henni mömmu.

Ég skal vera þýðan þín,  
 þegar allt er frosið.  
 Því sólin hún er systir mín,  
 sagði litla brosið.

## 55. Ó hangikjöt, ó hangikjöt

D  
 Ó hangikjöt, ó hangikjöt  
 A D  
 og rófustappa, grænar baunir og súrhvalur.  
 Ó hangikjöt, ó hangikjöt  
 og sviðasulta, hrútsþungar og harðfiskur.  
 D A  
 ;: Og hákarl og flatbrauð, mér finnst svo gott  
 D  
 að borða allan þennan mat ;:

## 56. Búddi fór í bæinn

G  
 Búddi fór í bæinn og Búddi fór í búð.  
 D<sup>7</sup>  
 Búddi sat á torginu og var að borða snúð.  
 G C  
 Þá kom löggumann og hirti hann  
 D<sup>7</sup> G  
 og stakk honum ofan í rassvasann.

## 57. Hjólin á strætó

D  
Hjólin á strætó snúast hring hring hring,  
A D  
hring hring hring, hring hring hring!  
Hjólin á strætó snúast hring hring hring  
A D  
- út um allan bæinn!  
Dyrnar á strætó opnast út og inn...  
- út um allan bæinn!  
Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling...  
- út um allan bæinn!  
Börnin í strætó segja hí hí hí...  
- út um allan bæinn!  
Fólkið í strætó segir bla bla bla...  
- út um allan bæinn.  
Flautan í strætó segir bíb bíb bíb...  
- út um allan bæinn!  
Bílstjórinn í strætó segir uss, suss, suss...  
- út um allan bæinn!

## 58. Stóra brúin

D  
Stóra brúin fer upp og niður,  
A D  
upp og niður, upp og niður,  
D  
stóra brúin fer upp og niður,  
A D  
allan daginn!  
  
-Bílarnir aka yfir brúna....  
-Skipin sigla undir brúna....  
-Flugvélar fljúga yfir brúna....  
-Fiskarnir synda undir brúna....  
-Fuglarnir fljúga yfir brúna...  
-Fólkið gengur yfir brúna....  
-Börnin hlaupa yfir brúna...

## 59. Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga - ooohó!  
Ég finn það fram í hendur - ooohó!  
Ég finn það niður í fætur - ooohó!  
Ég finn það upp í höfuð - ooohó!  
Ég finn það hér og hér og hér og hér  
og hér og hér og hér hvað ég er  
  
...preytt, hér inní mér  
...reið, hér inní mér  
...glöð, hér inní mér  
...hrædd, hér inní mér

## 60. Hreyfa litla fingur

D A  
Hreyfa litla fingur  
A D  
hreyfa litla fingur  
D G  
hreyfa litla fingur  
D A D  
og frjósa eins og skot  
  
Hreyfa litla nebba...  
Hreyfa litla rassa...  
Hreyfa litla fætur...  
Hreyfa litlar hendur...  
Hreyfa litla maga...  
Hreyfa lítil eyru...  
Hreyfa lítil augu...  
Hreyfa lítil höfuð...  
o.s.frv.



## 61. Gulur, rauður, grænn og blár

D G D  
Gulur, rauður, grænn og blár

G D A D  
svartur, hvítur, fjólublár.

D G D A  
Brúnn, bleikur banani

D G D A  
appelsína talandi.

Gulur, rauður, grænn og blár  
svartur, hvítur, fjólublár

## 62. Litalagið

Grænt, grænt, grænt  
er grasið úti haga.

Grænt, grænt, grænt  
er gamla pilsíð mitt.

Allt sem er grænt, grænt,  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla Jón á Grund.

Gul, gul, gul  
er góða appelsínan.

Gul, gul, gul  
er gamla húfan mín.

Allt sem er gult, gult  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð  
er rósin hennar mömmu.

Rauð, rauð, rauð  
er rjóða kinnin mín.

Allt sem er rautt, rautt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla indíánann.

Svart, svart, svart  
er sjalið hennar frænku.

Svart, svart, svart  
er litla lambið mitt.  
Allt sem er svart, svart  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt  
er hafið bláa hafið.  
Blár, blár, blár  
er blái himinninn.  
Allt sem er blátt, blátt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla sjómanninn.

Hvít, hvít, hvít  
er hvíta snjókerlingin.  
Hvít, hvít, hvít  
eru skýin sem ég sé.  
Allt sem er hvítt, hvítt  
finnst mér vera fallegt  
fyrir vin minn, litla snjókarlinn.

## 63. Gjuggíbú

G Am  
Gjuggíbú, hvar ert þú?

D G  
Nú sé ég ekki neitt.

G Am  
Gjuggíbú, þarna' ert þú  
D G  
sem brosir svona breitt.

## 64. Kalli litli könguló

D A D  
Kalli litli könguló klifraði' upp á topp

D A D  
svo kom rigning og Kalli litli féll.

D G D A D  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,

D A D  
þá gat Kalli litli könguló klifraði' upp á topp.

## 65. Fiskalagið

D G A  
 Hafið þið heyrt söguna um fiskana tvo  
 D G A  
 sem ævi sína enduðu í netinu svo?  
 D G A  
 Peir syntu og syntu og syntu út um allt  
 A D  
 en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt"  
 D G A  
 Baba búbú, baba bú  
 D G A  
 Baba búbú, baba bú  
 D G A  
 Peir syntu og syntu og syntu út um allt  
 A D  
 en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt"

Annar hét Gunnar og hinn hét Geir,  
 þeir voru pínulitlir báðir tveir.  
 Peir syntu og syntu og syntu út um allt  
 en mamma þeirra sagði: "Vatnið er kalt"

*Baba búbú, baba bú.....*

## 66. Höfuð, herðar, hné og tær

A  
 Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.  
 A E  
 Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.  
 A D  
 Augu, eyru, munnur og nef.  
 E A E A  
 Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

## 67. Keli káti karl

D A  
 Ég heiti Keli káti karl  
 A D  
 og kraftajötunn er.  
 D  
 Og þegar ég fer út, út,  
 A  
 hrökkva' allir í kút, kút.  
 A D  
 Ég heiti Keli káti karl.  
 A D  
 Tra-la la la la la la.

## 68. Litlu andarungarnir

D G D  
 Litlu andarungarnir, allir synda vel  
 G D  
 allir synda vel.  
 A<sup>7</sup> D  
 Höfuð hneigja í djúpið  
 A D  
 og hreyfa lítil stél.  
 A<sup>7</sup> D  
 Höfuð hneigja í djúpið  
 A D  
 og hreyfa lítil stél.  
 Litlu andarungarnir ætla út á haf,  
 ætla út á haf.  
 Fyrst í fjarlægð skima  
 og fara svo í kaf.  
 Fyrst í fjarlægð skima  
 og fara svo í kaf.

## 69. Uglan

G  
 Það var gömul uglan með oddhvasst nef,  
 D  
 tvö lítil eyru og átta litlar klær.  
 G  
 Hún sat uppi' í tré og svo komst þú,  
 D  
 þá flaug hún í burtu' og sagði: "Ú-ú-ú."

## 70. Við erum söngvasveinar

G  
 Við erum söngvasveinar  
 D<sup>7</sup> G  
 á leiðinni út í lönd.  
 G  
 Við erum söngvasveinar  
 D<sup>7</sup> G  
 á leiðinni út í lönd.  
 G  
 Við leikum á flautu  
 D<sup>7</sup> G  
 á skógarhorn á skógarhorn.  
 G  
 Við leikum á flautu  
 D<sup>7</sup> G  
 fiðlu og skógarhorn  
 G  
 Og við skulum dansa hoppsasa  
 D<sup>7</sup> G  
 hoppsasa, hoppsasa.  
 G  
 Við skulum dansa hoppsasa  
 D<sup>7</sup> G  
 hoppsasa.

## 71. Tumi fer á fætur

D G  
 :/:Hann Tumi fer á fætur  
 A D  
 við fyrsta hanagal:/:  
 D G D A D  
 :/:Að sitja yfir ánum, lengst inni' í Fagradal:/:  
 Hann lætur hugann líða  
 svo langt um dal og fjöll,  
 því kóngur vill hann verða í voða stórri höll.

Og Snati hans er hirðfífl  
 og hrútur ráðgjafinn  
 og smalahóll er höllin. En hvar er drottningin?

## 72. Ausutetur

D  
 Einn var að smíða ausutetur  
 E<sup>7</sup> A<sup>7</sup>  
 annar hjá honum sat  
 D  
 sá þriðji kom og bætti um betur  
 E<sup>7</sup> A<sup>7</sup> D D<sup>7</sup>  
 og boraði á hana gat  
 G  
 Hann boraði á hana eitt  
 G D  
 hann boraði á hana tvö  
 D Bm  
 hann boraði á hana þrjú og fjögur  
 E<sup>7</sup> A<sup>7</sup> D  
 fimm og sex og sjö

## 73. Gamli Nói

D A  
Gamli Nói, gamli Nói  
D A D  
keyrir kassabíl  
D G  
Hann kann ekki að stýra  
A D  
brýtur alla gíra  
D A  
Gamli Nói, gamli Nói  
D A D  
keyrir kassabíl

Gamli Nói, gamli Nói er að vökva blóm.  
Hann kann ekki að vökva lætur blómin skrökva.  
Gamli Nói, gamli Nói er að vökva blóm

Gamli Nói, gamli Nói er að passa börn.  
Hann kann ekki að passa lætur þau í kassa.  
Gamli Nói, gamli Nói er að passa börn

Gamli Nói, gamli Nói er að poppa popp.  
Hann kann ekki að poppa, lætur poppið skoppa.  
Gamli Nói, gamli Nói, er að poppa popp.

Gamli Nói, gamli Nói er að renna sér.  
Hann kann ekki að renna, lætur bossann brenna.  
Gamli Nói, gamli Nói er að renna sér.

Gamli Nói, gamli Nói er að kyssa frú.  
Hann kann ekki að kyssa, lætur frúna pissa.  
Gamli Nói, gamli Nói er að kyssa frú.

Gamli Nói, gamli Nói er að kaupa kók.  
Hann kann ekki að kaupa, lætur kókið hlaupa.  
Gamli Nói, gamli Nói er að kaupa kók.

Gamli Nói, gamli Nói er að steikja fisk.  
Hann kann ekki að steikja, lætur fiskinn reykja.  
Gamli Nói, gamli Nói, er að steikja fisk.

Gamli Nói, gamli Nói er að strumpa strump.  
Hann kann ekki að strumpa,  
lætur strumpið prumpa.  
Gamli Nói, gamli Nói er að strumpa strump.

Gamli Nói, gamli Nói, keyrir sjúkrabíl.  
Hann fann engan sjúkling,  
bara steiktan kjúkling,  
Gamli Nói, gamli Nói, keyrir sjúkrabíl.

Gamli Nói, gamli Nói, guðhræddur og vís.  
Mikilsháttar maður, mörgum velviljaður.  
Þótt hann drykki, þótt hann drykki,  
þá samt bar hann prís.

Aldrei drakk hann, aldrei drakk hann  
of mikið í senn.  
Utan einu sinni á hann trúí' ég hann rynni.  
Glappaskotin, glappaskotin, ganga svo til enn.

## 74. Ég lonniétturarnar lét á nefið

G  
Ég lonniétturarnar lét á nefið  
D<sup>7</sup> G  
svo lesið gæti ég frá þér bréfið  
G  
Ég las það oft og mér leiddist aldrei  
D<sup>7</sup> G  
og lifað gæti ég ei án þín.  
D<sup>7</sup> G  
Tra la la la la la ljúfa,  
D<sup>7</sup> G  
tra la la la la la ljúfa,  
G  
Ég las það oft og mér leiddist aldrei  
D<sup>7</sup> G  
og lifað gæti ég ei án þín.

## 75. Óskasteinar

Am Dm Am E Am  
Fann ég á fjalli fallega steina  
Am Dm Am E Am  
faldi þá alla vildi þeim leynd.  
Am Dm E  
Huldi þar í hellisskúta heilla steina  
Am Dm Am  
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina  
lengur ei man ég óskina neina.  
Ef þeir skyldu uppfylla um ævidaga  
ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur  
geti þær fundið telpa eða drengur.  
Silfurskæra kristalla með grænu og gráu  
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

## 76. Ég heyri svo vel

D A G A  
Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa  
D A G A  
ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa  
D A G A  
ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa  
Bm G  
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast  
A  
heyri hjartað slá

Þú finnur það vel, allt færirst nær þér,  
þú finnur það vel, þú kemur nær mér,  
þú finnur það vel, allt fæðist í þér,  
andlitin lifna og húsin dansa  
og vindurinn hlær.

## 77. Litlir kassar á lækjarbakka

D  
Litlir kassar á lækjarbakka,  
D  
litlir kassar úr dinga linga ling.  
G D  
Litlir kassar, litlir kassar,  
A D  
litlir kassar allir eins.

Einn er rauður, annar gulur,  
þriðji fjólublár og fjórði röndóttur.  
Allir búnir til úr dinga linga  
enda eru þeir allir eins.

## 78. Krókódíll í lyftunni minni

Am  
Það er krókódíll í lyftunni minni.  
E Am  
Ég er svolítið smeyk við hann.  
Am  
Það er krókódíll í lyftunni minni,  
C G7 C  
og hann getur étið mann!  
F C G7 C  
Krókódíll, förum á fyrstu hæð.  
(aðra/þriðju/fjórðu/fimmtu)  
F C  
Þú færð ekki að éta mig,  
E Am  
því að það er ég sem ræð!

## 79. Það búa litlir dvergar

D A<sup>7</sup> D  
 Það búa litlir dvergar í björtum dal  
 D A<sup>7</sup> D  
 á bak við fjöllin háu í skógarsal.  
 D A<sup>7</sup>  
 Byggðu hlýjan bæinn sinn  
 D A<sup>7</sup>  
 brosir þangað sólin inn.  
 D A<sup>7</sup> D  
 Fellin enduróma allt þeirra tal.

## 80. Prumpulagið

G D G  
 Í Vesturbænum býr skríttinn  
 C G D G C  
 karl og jafnvel furðulegri er konan hans.  
 G D G  
 Hann er með rosalega bumbu  
 C G D G C  
 úti á götu þau tvö stíga trylltan dans.  
 G D G  
 Þau skreyttu jólatré í júní  
 C G D G D  
 og karlinn sagðist vera kind.  
 G D G  
 Þau stóðu á höndum út á túni<sup>[SEP]</sup>  
 C G D G C  
 og fóru bæði að leysa vind.  
 B<sup>7</sup> Em C G  
 Og karlinn prumpar svoona  
 B<sup>7</sup> Em C G  
 og konan prumpar svoona  
 D G  
 og krakkarnir prumpa með  
 D G  
 la la la la la la la la la la la la

En fullorðna fólkið það varð brjálað  
 og skammaði börnin sín:

„Það er dónaskapur að prumpa  
 já, það er sko alls ekkert grín!“  
 Og löggá kom á hjóli og spurði  
 „Hvað þykist þið geta?“  
 „Ég heiti Siggí stóri  
 og ég kann sko að freta!“

og löggan prumpar svoona  
 og karlinn prumpar svoona  
 og konan prumpar svoona  
 og krakkarnir prumpa með  
 la la la la la la la la la la la la

Og nú kemur fólk frá útlöndum  
 frá Hong Kong og París og Kúala Lúmp.  
 Það kemur alla leið til Íslands  
 til þessa að heyra alvöru prump.

og karlinn prumpar svoona  
 og konan prumpar svoona  
 og löggan prumpar svoona  
 og krakkarnir prumpa svona  
 og túristarnir prumpa svona  
 En fullorðna fólkið bara prumpar ekki neitt  
 la la la la la la la la la la la la  
 la la la la la la la la la la la la.

## 81. Halli á grúfunni

A E  
 Haldið ekki að hann Halli komi á grúfunni,  
 E A  
 á heljarstökki fram af einni þúfunni.  
 A  
 Hann fór það bara fínt,  
 D  
 en hélt hann hefði týnt,  
 A E A  
 gleraugunum, höfðinu eða húfunni.

## 82. Uppi' á grænum hól

D  
Uppi' á grænum grænum himinháum hól,  
A D  
sá ég hérahjónin ganga.  
D  
Hann með trommu, bomm, bomm  
bomm, boromm, bomm, bomm,  
A D  
hún með fiðlu sér við vanga.  
A D  
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl  
A D  
sem miðaði í hvelli.  
D  
En hann hitti bara trommuna sem small  
A D  
og þau hlupu' og héldu velli.

## 83. Lína langsokkur

D Em  
Hér skal nú glens og gaman  
A<sup>7</sup> D  
við getum spjallað saman.  
D Em  
Gáum hvað þú getur  
A<sup>7</sup> D  
vinur gettu hver ég er.  
Verðlaun þér ég veiti  
ef að veistu hvað ég heiti.  
Vaðir þú í villu  
þetta vil ég segja þér.  
D D<sup>7</sup> G  
Hér sérðu Línu langsokk  
Em A<sup>7</sup>  
tralla hopp tralla hei tralla hoppasasa.  
D D<sup>7</sup> G  
Hér sérðu Línu langsokk  
Em A<sup>7</sup> D  
já, líttu það er ég.

Svo þú sérð minn apa,  
minn sæta, fína, litla apa.  
Herra Níels heitir  
já, hann heitir reyndar það.  
Hérna höll mín gnæfir  
við himinn töfraborg mín gnæfir.  
Fannstu annan fegurri  
eða frægðarmeiri stað.

*Hér sérðu Línu langsokk...*

Pó höll ei hefur slíka  
eg á hest og rottu líka.  
Og kúfullan af krónum  
einnig kistil á ég mér.  
Verið allir vinir  
velkomnir einnig hinir.  
Nú lifað skal og leikið  
þá skal líf í tuskum hér.

*Hér sérðu Línu langsokk...*

## 84. Hóký póký

D  
Við setjum hægri höndina inn  
D  
við setjum hægri höndina út  
D A  
inn, út, inn, út og hristum hana til.  
A  
Við gerum hóký póký  
A  
og snúum okkur í hring  
A D  
þetta er allt og sumt.  
D  
Oh, hóký hóký póký  
D A  
oh, hóký hóký póký  
D G  
oh, hóký hóký póký.  
A D  
Þetta var allt og sumt

*(vinstri höndina inn, hægri fótinn inn, vinstri fótinn inn, allan búkinn inn)*

## 85. Kanntu brauð að baka?

D A  
 Kanntu brauð að baka? Já, það kann ég.  
 A A<sup>7</sup> D  
 Svo úr því verði kaka? Já, það kann ég.  
 D A  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Em A D  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu mat að sjóða? Já, það kann ég.  
 Og gestum heim að bjóða? Já, það kann ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu ber að tína? Já, það kann ég.  
 Stoppa í sokka mína? Já, það kann ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að sjóða fiskinn? Já, það kann ég.  
 Og færa hann upp á diskinn? Já, það kann ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að vagga barni? Já, það kann ég.  
 Þrjóna sokka úr garni? Já, það kann ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Sérðu hér er hringur? Já, það sé ég.  
 Ég set hann á þinn fingur? Já, það vil ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta. Já, það vil ég.  
 Því hann má ekki vanta. Nei, það skil ég.  
 Ertu alveg viss um? Já, það er ég.  
 Eða ertu ef til vill að gabba mig?

## 86. Syngjandi hér, syngjandi þar

G D G D G  
 Einu sinni ég átti kú. Einu sinni ég átti kú.  
 C G  
 Hún sagði ekki mö heldur ba, ba, bú.  
 D G  
 Já býsna skrýtin var kýrin sú.

C G  
 Syngjandi hér, syngjandi þar,  
 D G  
 syngjandi geng ég allsstaðar  
 C G D G  
 sí og æ, æ og sí aldrei fæ ég nóg af því.

Einu sinni átti ég geit. Einu sinni átti ég geit.  
 Hún fékkst aldrei til að fara á beit  
 því feimin var hún og undirleit.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*

Ég átti hrút, og hann var grár.  
 Ég átti hrút, og hann var grár.  
 Svo skipti hann um lit og eftir ár,  
 hann orðinn var næstum því fjólublár.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*

Ég átti líka hund sem oft svaf fast.  
 Ég átti líka hund sem oft svaf fast.  
 Og þegar ringdi og það var hvasst,  
 þá fékk hann alltaf gigtarkast.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*

Ég átti klár sem Kappi hét.  
 Ég átti klár sem Kappi hét.  
 Og ef ég hnakk minn á hann lét,  
 hann útaf lagðist og stundi og grét.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*

Ég átti fugl sem í búri bjó.  
 Ég átti fugl sem í búri bjó.  
 Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó  
 að undir væri leikið píanó.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*

Ég átti kött sem var klókur og vís.  
 Ég átti kött sem var klókur og vís.  
 Hann var andvígur því að eltast við mýs,  
 en át bara kökur og rjómaís.

*Syngjandi hér, syngjandi þar...*



## 87. Meistari Jakob

:,: Meistari Jakob :,:  
 :,: sefur þú? :,:  
 :,: Hvað slær klukkan? :,:  
 :,: Hún slær þrjú, hún slær þrjú

Enska:

:,: Are you sleeping :,:  
 :,: brother John? :,:  
 :,: Morning bells are ringing :,:  
 :,: Ding dang dong :,:

Danska:

:,: Mester Jacob :,:  
 :,: sover du? :,:  
 :,: Horer du ej klokken? :,:  
 :,: Bim-bam-bum! :,:

Pýska:

:,: Bruder Jakob :,:  
 :,: schläfst du noch? :,:  
 :,: Hörst du nicht die Glocken? :,:  
 :,: Ding, dang, dong! :,:

Franska:

:,: Frere Jacques :,:  
 :,: Dormez vous? :,:  
 :,: Sonnez les matines :,:  
 :,: Ding, dang, dong :,:

Indíánamál:

:,: Foain Jako :,:  
 :,: nisbetja! :,:  
 :,: Timbatire linso :,:  
 :,: Tom peng pung! :,:

Færeyska:

:,: Sov ei longur! :,:  
 :,: Bróðir Jón! :,:  
 :,: Morgunklokkur ringja :,:  
 :,: Ding, ding, dong! :,:

Finnska:

:,: Jaakko kulta :,:  
 :,: heraa jo! :,:  
 :,: Kellojasi soita :,:  
 :,: pim, pam, pom. :,:

## 88. Piparkökusöngurinn

E

Pegar piparkökur bakast

B7

kökugerðarmaður tekur

fyrst af öllu steikarpottinn

E

og eitt kíló margarín.

Hrærir yfir eldi smjörið

A

en það næsta sem hann gjörir

E

er að hræra kíló púður saman

B7

E

við það heillin mín.

Pegar öllu þessu er lokið hellast

átta eggjarauður

saman við og kíló hveiti

hrærist oní potti vel.

Síðan á að setja í þetta

eina litla teskeið pipar

svo er þá að hnoða deigið

breiða það svo út á fjöl.

## 89. Druslulagið

Við setjum svissinn á og við kúplum gírnum frá,  
 þá er startað og druslan fer í gang.  
 Það er enginn vandi að aka bifreið  
 ef maður bara kemur henni í gang.

## 90. Vér göngum svo léttir í lundu

G C G  
 Vér göngum svo léttir í lundu,  
 D D7 G  
 Því lífsgleðin blasir oss við.  
 G Em Am D7  
 Vér lifum á líðandi stundu,  
 A7 Am D7  
 við lokkandi söngvanna klið.  
 G D D7 G  
 Tra lalalalala.....

Vér göngum og syngum hér saman,  
 Því söngurinn hann er vort mál,  
 og nú verður glaumur og gaman,  
 nú gleðjist hver einasta sál.  
 Tra-ra-la-la- - - -

## 91. Fimmeyringurinn

D G D  
 Ef að nú hjá pabba einn fimmeyring ég fengi  
 D A  
 fjarskalega hrifin og glöð ég yrði þá.  
 D G D  
 Ég klappa skyldi pabba og kyssa vel og lengi  
 A D  
 og kaupa síðan allt það sem mig langar til að fá.

Fyrst kaupi ég mér brúðu  
 sem leggur aftur augun  
 og armbandsúrið fína af fallegust gerð.  
 Og af því hvað hún mamma  
 er orðin þreytt á taugum  
 þá ætla ég að kaupa bíl í hverja sendiferð.

Hjólhest og járnbraut ég ætla að gefa Geira  
 gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn.  
 Svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði' og fleira  
 og síðan skal ég gefa pabba allan afganginn.

## 92. Mamma borgar

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið  
 svo brosfögur horfði Stína.  
 „Ég ætlaði bara að kaupa klæði  
 í kjól á brúðuna mína.“

„Og hvaða lit viltu," ljúfur sagði hann  
 „á litlu brúðuna þína"  
 „Hvað, auðvitað rauðan, ósköp rauðan"  
 með ákafa svaraði Stína.

Hann brosandi fór og klippti klæðið.  
 „Hvað kostar það" spurði Stína.  
 „Einn koss" hann svaraði „kostar línið  
 í kjól á brúðuna þína.

Í búðinni glumdi við gleðihlátur  
 er glaðlega svaraði Stína.  
 „Hún mamma kemur í bæinn bráðum  
 og borgar skuldina mína.“

## 93. Veistu að ég á lítinn dreng

G D D7 G  
 Veistu að ég á lítinn dreng sem labbar  
 D D7 G  
 langt í burtu og rekur margar kýr.  
 C D G  
 :;Hann er alveg eins og pabbi forðum,  
 Em C D7 G  
 elskar land og sjó og menn og dýr :;:

## 94. Kátir voru karlar

Kátir voru karlar á kúttar Haraldi  
 til fiskiveiða fóru frá Akranesi.  
 Og allir komu þeir aftur og enginn þeirra dó.  
 Af ánægju út að eyrum  
 hver einasta kerling hló.

## 95. Líttu inn í Latabæ

Lítt'inn í Latabæ, ævintýri dag eftir dag!  
 Þar er Glanni góður með gildrunar  
 sem Sportakus kippir í lag.  
 Solla ný í bænum er, Sigggi er fyrstur af stað.  
 Með Gogga, Nenna og Höllu hér,  
 þau alltaf munu verða vinir.  
 Einn, tveir, þrír - áfram Latibær  
 sólin skín og dagur er nýr.  
 Það er enginn latur í Latabæ,  
 sýnum nú hvað í okkur býr.

## 96. Ípróttaálfurinn

Sérðu álfa - sitja' og gera' ekki neitt?  
 Súra' á svipinn - og þykja lífið svo leitt?  
 Nei, alltaf þar sem er álfamergð  
 eru' einhver ósköp gangandi á.  
 Við erum alltaf á fullri ferð -  
 Við erum bara þannig gerð.

Og ég er Ípróttaálfurinn!  
 Álfanna fyrirmynd sjálf!  
 Já, ég er Ípróttaálfurinn!  
 Þú finnur ei fimari álf.

Ekki syrgja - og setja hendur í skaut!  
 Ég sýna skal þér og fólkinu glænýja braut!  
 Letibykkjur og bjálfana  
 í Latabænum ég þjálfá í lag!  
 Kreppiði á ykkur kálfana,  
 því það er ég sem þjálfá álfana!  
 Já, ég er Ípróttaálfurinn!  
 Alltaf sprækur og hress!  
 Já, ég er Ípróttaálfurinn!  
 Þekki' ekki streitu né stress.

Já, ég er Ípróttaálfurinn!  
 Ípróttir eru mitt fag!  
 Já, ég er Ípróttaálfurinn!  
 Öllu ég kippi í lag.

## 97. Solla stirða

Solla Stirða heiti ég. klaufsk og klunnaleg.  
 Solla Stirða, hér kem ég - haltrandi' eins og  
 spýtukarl minn veg.  
 Mig langar svo að verða liðug!  
 Leika mér að fara' í splitt!  
 Ég get ekki hlaupið um með hinum krökkunum..  
 Né gengið uppi' á grindverkum -  
 því ég er læst í liðamótunum.

*Sjáiði bara hvað ég er stirð!  
 Á! Æ!*

En mig langar svo mikið að verða liðug.  
 Og leika mér að fara' í splitt!  
 ..En ég get það bara ekki!

Solla Stirða heiti ég. klaufsk og klunnaleg.  
 Ennpá get ég ekki þó - á mig sjálfa reimað skó.  
 Mig langar svo að verða liðug.  
 Já, og leika mér að fara' í splitt..  
 En get ég ekki þó - reimað skó!

## 98. Einn hljómlistarmaður

Einn hljómlistarmaður frá Íslandi er hér,  
 hann leikur á flautu sem af öllum öðrum ber.  
 Fidi-ridi-ri, Fidi-ridi-ri,  
 Fidi-ridi-ri, Fidi-ridi-ri.  
 Sprangar um heiminn. Spilar hvergi feiminn.

(Svo er breytt um hljóðfæri, s.s. fiðlu, gítar,  
 píanó, trommur)

## 99. Fingrapolki

D  
Karl gekk út um morguntíma,  
A  
taldi alla sauði sína;  
D  
Einn og tveir og þrír og fjórir.  
A  
Og allir voru þeir.  
D  
Með höndunum gerum við  
A  
klapp, klapp, klapp,  
A  
með fótunum gerum við  
D  
stapp, stapp, stapp!  
G D  
Einn tveir þrír, ofurlítið spor,  
A D G D  
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

## 100. Á Sprengisandi

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell,  
hér á reiki er margur óhreinn andinn,  
úr því fer að skyggja á jökulsvell.  
:/: Drottinn leiði drösulinn minn  
drjúgur verður síðasti áfanginn. :/:

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,  
þurran vill hún blóði væta góm,  
eða líka einhver var að húa  
undarlegum digrum karlaróm.  
:/: Útilegumenn í Ódáðahraun  
eru kannski að smala fé á laun :/:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,  
rökkrið er að síga á Herðubreið,  
álfadrottning er að beisla gandinn,  
ekki er gott að verða á hennar leið.  
:/: Vænsta klárinn vildi ég gefa til  
að vera kominn ofan í Kiðagil. :/:

## 101. Mikki frændi

Rétt við ruslabing, ryðgað dót í kring,  
brotið gler og beyglað pjátur.  
Mikki frændi minn, malinn fyllir sinn.  
Við það gerist karlinn kátur.

Lífið hljóðlát aldrei er,  
þar sem aldinn Mikki fer.  
Gamla fötu fann og nú hamrar hann,  
botninn eins og best hann kann.

Flytur fagran óð, fuglahjörðin góð,  
yfir hauginn, holt og grundir.  
Einnig út á sjó, allt í sterió,  
Mikki rámur raular undir.

Lífið hljóðlát aldrei er,  
þar sem aldinn Mikki fer.  
Gamla fötu fann og nú hamrar hann,  
botninn eins og best hann kann.

## 102. Datt í sjóinn

\_\_\_\_\_ datt í sjóinn  
og missti af sér skóinn.  
Pollý, vollý, dúllý, vollý dei.  
Svo kom hún/hann upp úr sjónum og  
hélt á stóra skónum.  
Pollý, vollý, dúllý, vollý dei.

.....datt í brunninn  
og missti af sér munninn.....

.....datt í sefið  
og missti af sér nefið.....

.....datt í pollinn  
og missti af sér kollinn.....

.....datt í kökuna  
og missti af sér hökuna.....

.....datt í ána  
og missti af sér tána.....

## 103. Ræningjarnir leita

Hvar er húfan mín? Hvar er hempan mín?  
 Hvar er falska, gamla, fjögra gata flautan mín?  
 Hvar er úrið mitt? Hvar er þetta og hitt?  
 Hvar er bláa skyrtnan, trefilinn og beltið mitt?  
 Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál? Sérðu þráð og nál?  
 Sérðu hnífinn, sérðu diskinn  
 og mitt drykkjarmál?  
 Sérðu pottana og seglgarnsspottana?  
 Sérðu heftið sem ég las um hottintottana?  
 Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna? Sérðu flöskuna?  
 Sérðu eldinn, sérðu reykin, sérðu öskuna?  
 Hvar er peysan blá? Hvar er pyngjan smá?  
 Hvar er flísinn sem ég stakk í mín stórutá?  
 Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðan? Hvar er eldspýtan?  
 Hvar er Kasper, hvar er Jesper,  
 hvar er Jónatan?  
 Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.  
 Hvar er kertið sem við  
 erfðum henni ömmu frá?  
 Ég er viss um að það var hér allt í gær.

## 104. Bullutröll

Trúir þú á Tröllabullið  
 taktu nú eftir hlustaðu á.  
 Fyrir löngu fóru á stjá  
 ferleg skrímsli með hausa þrjá.

Þau er líka þursar kölluð,  
 þungbúin og leið að sjá.  
 Herfilega heimsk, ó já  
 og hafa engu að segja frá.

Viðlag:  
 Bullutröll, Bullutröll  
 búa í stórri fjallahöll  
 en fari þau um víðan völl  
 verða þau oft að steini.

Skessurnar í skessuleikjum  
 skoppa létt um dali og fjörð,  
 hendast yfir hæstu skörð  
 svo hristist bæði sjór og jörð.

Stólpu karlar stika yfir  
 stærstu jökla fara geyst.  
 Heljarbjörg þeir hafa reist  
 og haugbúa úr viðjum leyst.

Viðlag

Bullutröllin bylja hátt  
 þau baula eins og gamlar kýr.  
 Ekkert þeirra aftur snýr  
 ef þau hreppir dagur nýr.

Viðlag

## 105. Ég langömmu á

Ég langömmu á sem að létt er í lund,  
hún leikur á gítar hverja einustu stund,  
í sorg og í gleði hún leikur sitt lag,  
jafnt sumar sem vetur jafnt nótt sem dag.

Dag einn er kviknað í húsinu var  
og brunaliðsbíllinn kom æðandi að  
og eldurinn logaði um glugga og göng,  
sat sú gamla uppi á þaki og spilaði og söng.  
Spilaði og söng, spilaði og söng,  
sat sú gamla uppi á þaki og spilaði og söng.

Með Súðinni var hún, er sigldi hún í strand,  
með síðasta skipsbátinum komst hún í land.  
Í svellandi brimi var sjóleiðin löng,  
sat amma í skutnum og spilaði og söng.  
Spilaði og söng, spilaði og söng,  
sat amma í skutnum og spilaði og söng.

Einn dag er hún gat ekki húsnaði greitt,  
hún varð því að flytja, það fannst mörgum leitt.  
Hún fékk sér þá bíl því að leiðin var löng,  
og látlaust hún spilaði á gítar og söng.  
Spilaði og söng, spilaði og söng,  
og látlaust hún spilaði á gítar og söng.

Og þegar hún keyrði um Kamba eitt sinn  
úr Kömbunum valt ofan í urð bifreiðin.  
Þar enduðu bílstjórans ævinnar göng,  
en amma slapp lifandi og spilaði og söng.  
Spilaði og söng, spilaði og söng,  
en amma slapp lifandi og spilaði og söng.

En nú er hún amma mín liðin á braut,  
liðin á burtu frá sorgum og þraut.  
Ég gekk eitt sinn þangað sem greftruð hún var,  
frá gröfinni heyrði ég að ómaði lag.  
Spilaði og söng, spilaði og söng,  
sat sú gamla uppi á þaki og spilaði og söng.

## 106. Bangsímon

Sit ég hér á grænni grein  
og geri fátt eitt annað,  
en éta hunang borða ber  
því bíta allt er bannað.

Dropar detta stórir hér,  
dropar detta, hvað finnst þér?  
Dropar detta allt um kring  
og dinga linga ling.

Vatnið vex nú ótt og ótt  
ég verð að flýja' úr húsum.  
Sit ég hér í alla nótt  
og borða úr mínum krúsum.

Dropar detta ofaní poll,  
dropar detta á minn koll.  
Dropar detta allt um kring  
og dinga linga ling.

## 107. Alli, Palli og Erlingur

Alli Palli og Erlingur, þeir ætla að fara að sigla,  
vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð.  
Þeir fundu gamalt þvottafat,  
sem farið var að mygla,  
sigla út á sjó og syngja hæ, hæ, hó.  
Seglið var úr afarstórum undirkjól.  
Mastrið, það var skófluskaft  
og skútan lak og valt.  
Og hæ, og hó og hæ og hó og hí,  
en skítt með það við skulum komast fyrir því.

Alli vildi ólmur til Ameríku fara  
enn Palli sagði Portúgal er prýðisland.  
Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara,  
siglum nú og stefnum beint á Grænlandssand.  
Ertu frá þér Erlingur, þú ert að fara á kaf,  
hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf.  
Og hæ, og hó og hæ og hó og hí,  
en skítt með það við skulum komast fyrir því.

## 108. Súrmjólk í hádeginu

Ég er bara fimm ára og kenna á því fæ.  
Klukkan sjö á morgnanna  
er mér dröslað niður í bæ.  
Enginn tekur eftir því þó heyrast lítið kvein  
því mamma er að vinna en er orðin allt of sein.

*Viðlag:*

Súrmjólk í hádeginu og Seríós á kvöldin.  
Mér er sagt að þegja  
meðan fréttatíminn er.  
Súrmjólk í hádeginu Seríós á kvöldin.  
Hún mamma er svo stressuð  
en þó mest á sjálfri sér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í flýti.  
Mig sárverkjjar í handleggina eftir mömmu tog.  
En þar drottinn dagmamma  
með ótal andlitslýti.  
Það er eins og hún hafi fengið  
hátt í hundrað þúsund flog.  
Súrmjólk í hádeginu og Seríós á kvöldin.....  
Eitt er víst að pabbi minn hann ræður öllu hér.

Bráðum verð ég sex ára en það er fyrsta maí.  
Daginn allan þann ég dröslast aleinn niðri bæ.  
Enginn tekur eftir þó ég hangi þarna einn  
því gamli er með launakröfu  
en orðinn allt of seinn.

Súrmjólk í hádeginu og Seríós á kvöldin.....

## 109. Göngum, göngum

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,  
gljúfrabúann til að sjá.  
Þar á klettasyllu svartu krummi  
sínum börnum liggur hjá.

## 110. Berta bakaríisterta

Óli fór til Bertu bakaríistertu  
og bað hana að kyssa sig.  
Þá sagði Berta bakaríisterta  
ekki nema - þú elskir mig.

Þá sagði Óli, sem alltaf var á hjóli  
ó hvað ég elska þig.  
Þá sagði Berta bakaríisterta  
þá máttu kyssa mig.

## 111. Ég skal mála allan heiminn

Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,  
eintómt sólskin, bjart og jafnt.  
Þó að dimmi að með daga kalda og skamma,  
dagar þínir verða ljósir allir samt.  
Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,  
skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.  
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,  
svo alltaf skíni sól í húsið þitt.  
Óskaðu þér mamma, alls sem þú vilt fá,  
ennþá á ég liti, til hvers sem verða má.  
Allar heimsins stjörnur og ævintýrafjöll  
óskaðu þér mamma svo lita ég þau öll.  
Ég skal mála allan heiminn elsku mamma.....

## 112. Ó, mamma gef mér rós

Ó, mamma gef mér rós í hárið á mér  
því tveir litlir strákar eru skotnir í mér.  
Annar er blindur og hinn ekkert sér,  
ó, mamma gef mér rós í hárið á mér.

Pegiðu stelpa, þú færð enga rós,  
farðu heldur með henni Gunnu út í fjós,  
þar eru kálfar og þar eru kýr,  
þar eru fötur til að mjólka í.

### 113. Hafið, bláa hafið

Hafið bláa hafið, hugann dregur.  
 Hvað er bak við ystu sjónarrönd?  
 Þangað liggur beinn og breiður vegur.  
 Bíða mín þar æskudrauma lönd.  
 Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.  
 Bruna þú nú, bátur minn.  
 Svífðu seglum þöndum,  
 svífðu burt frá ströndum.  
 Fyrir stafni haf og himinninn.

### 114. Aravísur

Hann Ari er lítill. Hann er átta ára „trítill“  
 með augu svo falleg og skær.  
 Hann er bara sætur,  
 jafnvel eins er hann grætur  
 og hugljúfur þegar hann hlær.  
 En spurningum Ara er ei auðvelt að svara:  
 Mamma af hverju er himinninn blár?  
 Sendir Guð okkur jólin?  
 Hve gömul er sólin?  
 Pabbi, því hafa hundarnir hár?

Bæði pabba og mömmu og afa og ömmu  
 preytir endalaust spurningasuð:  
 Hvar er sólin um nætur?  
 Því er sykurrinn sætur?  
 Afi, gegndu, hver skapaði Guð?  
 Hvar er heimsendir amma?  
 Hvað er eilífðin, mamma?  
 Pabbi, af hverju vex á þér skegg?  
 Því er afi svo feitur? Því er eldurinn heitur?  
 Því eiga ekki hanarnir egg?

Það þykknar í Ara, ef þau ekki svara  
 og þá verður hann ekki rór,  
 svo heldur en þegja, þau svara og segja:  
 Þú veist það, er verðurðu stór.  
 Fyrst hik er á svari, þá hugsar hann Ari  
 og hallar þá kannski undir flatt  
 og litla stund þegir, að lokum hann segir:  
 Þið eigið að segja mér satt!

### 115. Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt  
 krakkar léku saman.  
 Þar var löngum hlegið hátt,  
 hent að mörgu gaman.  
 Úti' um stéttar urðu þar  
 einatt skrytnar sögur  
 þegar safnast saman var  
 sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá  
 oft á milli bæja  
 til að kankast eitthvað á  
 eða til að hlæja.  
 Margt eitt kvöld og margan dag  
 máttum við í næði  
 æfa saman eitthvert lag  
 eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,  
 Hlíðar brekkum undir,  
 er svo margt að minnast á  
 margar glaðar stundir.  
 Því vill hvarfla hugurinn,  
 heillavinir góðir,  
 heim í gamla hópinn minn,  
 heim á fornar slóðir.

### 116. Óður til gleðinnar

Fagra gleði, guða logi,  
 Gimlis dóttir, heill sé þér.  
 Í þinn hásal, hrifnir eldi,  
 heilög gyðja komum vér.  
 Þínir blíðu töfrar tengja,  
 tískan meðan sundur slær;  
 allir bræður aftur verða  
 yndisvængjum þínum nær.



## 117. Sigggi var úti

Sigggi var úti með ærnar í haga,  
 allar hann hafði þær suður í mó.  
 Smeykur um holtin var hann að vaga,  
 viss'ann að lágfóta dældirnar smó.  
 Gagg, gagg, gagg, sagði tófan á grjóti.  
 Gagg, gagg, gagg, sagði tófan á grjóti.  
 Gráleitum augunum trúi ég hún gjóti.  
 Aumingja Sigggi, hann þorir ekki heim.

Sigggi varð smeykur, er sótti hann kýrnar,  
 suður hjá Tungu þær voru á beit.  
 Svitnaði af ótta um ennið og brýrnar,  
 er ólukku bolann í Tungu hann leit.  
 Bö, bö, bö, segir bolinn í Tungu,  
 Bö, bö, bö segir bolinn í Tungu.  
 Að mæta því óféti er ei fyrir gungu,  
 aumingja Sigggi fór grátandi heim.

Þabbi hann sendi hann Sigga út að Bakka  
 Sigggi svo glaður í hjartanu varð.  
 Úti við túnið var hann að vakka  
 er Vaskur kom hlaupandi út fyrir garð.  
 Voff voff voff sagði Vaskur á Bakka,  
 Voff voff voff sagði Vaskur á Bakka  
 Honum er illa við ókunna krakka  
 aumingja Sigggi hljóp grátandi heim.

Dag einn var Sigggi að dunda við ána,  
 dálítinn tíma í næði og ró.  
 Með ofsa og bræði, í koll þessum kjána  
 krían úr hólmanum vængjunum sló!  
 Krí, krí krí! Segir krían við ána,  
 Krí, krí, krí! Segir krían við ána.  
 Sigggi af ótta fór allur að blána  
 og aumingja snáðinn hljóp grátandi heim.

Loks komst hann Sigggi í kynni við krumma,  
 kjáninn upp í gilið að hreiðrinu smaug.  
 Á höfuð hans féll ofurleiðinleg lumma  
 um leið og hann Krummi að hreiðrinu flaug.  
 Krunk, krunk, krunk! Segir Krumminn við gilið  
 Krunk, krunk, krunk! Segir Krumminn við gilið.

Honum fannst eflaust hann ætti það skilið,  
 en aumingja Sigggi fór grátandi heim.

## 118. Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta  
 sem að ég hef nýskeð frétt.  
 Reyndar þekkið þið hann Gutta,  
 það er alveg rétt.  
 Óþekkur er ætíð anginn sá,  
 út um bæinn stekkur hann  
 og hoppar til og frá.  
 Mömmu sinni unir aldrei hjá,  
 eða gegnir þabba sínum. Nei, nei það er frá.  
 Allan daginn, út um bæinn  
 eilíf heyrast köll í þeim:  
 Gutti, Gutti, Gutti, Gutti, Gutti komdu heim.

Andlitið er á þeim stutta  
 oft sem rennblautt moldarflag.  
 Mædd er orðin mamma hans Gutta,  
 mælir oft á dag:  
 Hvað varst þú að gera, Gutti minn?  
 Geturðu aldrei skammast þín  
 að koma svona inn?  
 Réttast væri að flengja ræfilinn.  
 Reifstu svona buxurnar og nýja jakkann þinn?  
 Þú skalt ekki þræta Gutti,  
 það er ekki nokkur vörn.  
 Almáttugur! En sú mæða að eiga svona börn.

Gutti aldrei gegnir þessu,  
 grettir sig og bara hlær,  
 orðinn nærri að einni klessu  
 undir bíl í gær.  
 Ó'n af háum vegg í dag hann datt.  
 Drottinn minn!  
 Og stutta nefið það varð alveg flatt  
 eins og pönnukaka. Er það satt?  
 Ó, já, því er verr og miður, þetta var svo  
 bratt.  
 Nú er Gutta nefið snúið,  
 nú má hafa það á tröll.  
 Nú er kvæðið næstum búið, nú er sagan öll.

## 119. Ba bú, ba bú

Ba bú ba bú, brunabíllinn flautar.  
Hvert er hann að fara?  
Vatn á eld að sprauta,  
dss, dss, dss, dss, gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá, mjálmar gráa kisa.  
Hvert er hún að fara?  
Út í skóg að ganga,  
uss, uss, uss, uss, skógarpröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí, skógarpröstur syngur.  
Hvert er hann að fara?  
Burt frá kisu flýgur,  
uí, uí, uí, uí, loftin blá hann smýgur.

## 120. Ef gangan er erfið

G C G  
Ef gangan er erfið og leiðin er löng  
A7 D  
vér léttum oss sporið með þessum söng.  
G C G  
Ef þung reynist byrgðin og brekkan er há  
A7 D7 G  
brosum, brosum krakkar pá.  
G C G  
Þótt bylji hríð og blási kalt  
A7 D  
brosið er sólskin sem vermir allt  
G C G  
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís  
A7 D7 G  
brosum, pá er sigur vís.

Enginn er verri þótt vökni í gegn  
og vitaskuld fáum við steypiregn.  
Við látum ei armæðu á okkur fá,  
brosum, brosum krakkar pá.

Þótt bylji hríð.....

## 121. Kveikjum eld

Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur.  
Sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.  
Örar blóð, örar blóð um æðar rennur.  
Blikar glóð, blikar glóð, brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.  
Að logum leikur ljúfasti aftanblær.  
Kveikjum eld, kveikjum eld, kátt hann brennur.  
Sérhvert kveld, sérhvert kveld, syngjum dátt.

## 122. Skugginn

Ég á lítinn skrýttinn skugga,  
skömmin er svo líkur mér,  
hleypur með mér úti og inni,  
alla króka sem ég fer.  
Allan daginn lappaléttur  
leikur sér í kringum mig,  
eins og ég hann er á kvöldin,  
uppgefinn og hvílir sig.

Það er skrýtið, ha, ha, ha, ha,  
hvað hann getur stækkað skjótt.  
Ekkert svipað öðrum börnum,  
enginn krakki vex svo fljótt.

Stundum eins og hugur hraður  
hann í tröll sér getur breytt.  
Stundum dregst hann saman, saman,  
svo hann verður ekki neitt.

## 123. Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.  
Lítil fjóla grær við skriðufót.  
Bláskel liggur brotin milli hleina.  
Í bænum hvílir íturvaxin snót.  
Ef ég væri orðin lítil fluga,  
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,  
og þó ég ei til annars mætti duga,  
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

## 124. Fatavísur

Sumarfötin, sumarfötin  
setjum inn í skáp.

Geymum þau í vetur  
og klæðum okkur betur.  
Sumarfötin, sumarfötin  
setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin  
þykja best í snjó.  
Þegar út við þjótum  
og karl úr snjó við mótum.  
Þykku fötin, þykku fötin  
þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin  
puðumst við nú í.  
Úti regnið bylur  
stétt og steina hylur  
Polla ötin, pollafötin  
puðumst við nú í.

## 125. Lítill heimur

Þar er gott að vera sem gleðin býr,  
þar sem gerast sögur og ævintýr,  
svona er veröldin okkar sem laðar og lokkar  
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur, hýr  
lítill heimur ljúfur, hýr  
lítill heimur ljúfur, hýr  
eins og ævintýr.

## 126. Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég kom inn?  
Kannski það hafi verið kötturinn.  
:,: Jæja nú jæja, látum hann hlæja,  
kannski að hann hlæi ekki í annað sinn:,:

## 127. Kolakassinn

\_\_\_\_\_ datt í kolakassann  
hæfadderí, fadderall-all-a.  
En hún/hann \_\_\_\_\_ átti að passa 'ann/'ana  
hæfadderí, fadderall-all-a.  
Ef hún/hann \_\_\_\_\_ vissi það  
þá yrði 'ann/'ún alveg steinhissa.  
Hæfadderí, hæfaddera,  
hæfadderí, fadderall-all-a.

## 128. Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru, ég á lítið skrýtið nef,  
ég á augabrúnir, augnalok  
sem lokast þegar ég sef.  
Ég á kinnar og varir rauðar  
og á höfði hef ég hár  
eina tungu og tvö lungu  
og lengst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk algjört furðuverk  
sem að guð bjó til.  
(lítið samt ég skil)

Ég á tennur og blóð sem rennur  
og hjarta sem að slær  
tvær hendur og tvo fætur  
tíu fingur og tíu tær.  
Ég get gengið, ég get hlaupið  
ég kann að tala mannamál  
ég á bakhlið, ég á framhlið  
og heila sem er klár.

Í heilanum spurningum ég velti fyrir mér  
og stundum koma svörin  
svona eins og af sjálfu sér.  
En samt er margt svo skrítið  
sem ég ekki skil  
en það gerir ósköp lítið til  
því mér finnst gaman að vera til.

**129. Hér búálfur á bænum****er**

Hér búálfur á bænum er  
á bjálkalofti í dimmunni.  
Hér búálfur á bænum er  
á bjálkaloftinu.

Hann stappar fótum, hoppar hátt  
og haframjölið étur hrátt.  
Hér búálfur á bænum er  
á bjálkaloftinu.

**130. Allir hafa eitthvað til  
að ganga á**

Allir hafa eitthvað til að ganga á.  
Teygðu fram löppina  
og lof mér að sjá.

Fíllinn hefur feitar tær,  
ljónið hefur loppur tvær,  
músin hefur margar smáar,  
en ormurinn hefur ansi fáar.

Allir hafa eitthvað til .....

Fiskurinn hefur fína ugga,  
flóðhesturinn engan skugga  
krókódíllinn kjaftinn ljóta,  
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Allir hafa eitthvað til .....

Á vængjunum fljúga fuglarnir,  
á fótunum ganga trúðarnir,  
á hnúum hendast aparnir,  
á rassinum leppalúðarnir.

Allir hafa eitthvað til .....

**131. Góða mamma**

Góða mamma, gefðu mér  
góða mjólk að drekka.  
Ég skal vera aftur þér  
elsku barnið þekka.

Farðu' að skammta, mamma mín,  
mér er kalt á tánum.  
Askur, diskur, ausan þín  
eru' á drykkjarsánum.

Innan sleiki' ég askinn minn,  
ekki fyllist maginn.  
Kannast ég við kreistinginn  
kóngs- á bænadaginn.

**132. Grænmetisvísur**

Þeir sem bara borða kjöt og bjúgu alla daga  
þeir feitir verða' og flón af því  
og fá svo illt í maga.  
En gott er að borða gulrótina,  
grófa brauðið, steinseljuna,  
krækiber og kartöflur og kálblöð og hrámeti.  
Þá fá allir nettan maga menn þá verða alla daga  
eins og lömbin ung í haga laus við slen og leti.

Sá sem fá vill fisk og kjöt  
hann frændur sína étur  
og maginn sýkist molnar tönn  
og melt hann ekki getur.  
En gott er að borða gulrótina,  
grófa brauðið steinseljuna,  
krækiber og kartöflur og kálblöð og tómata.  
Hann verður sæll og viðmótsljúfur  
og vinamargur, heilladrjúgur  
og fær heilar, hvítar tennur  
heilsu má ei glata.

### 133. Systa mín litla

Hún Systa mín litla á ljósgullið hár,  
sem liðast svo mjúkt eins og ull.  
Hún hefur nú lifað í hálfri þriðja ár,  
og hún á mörg nýstárleg gull.  
Hún á brúðu í kjól og brúðan á stól.  
Hún á bangsa og fallega gæs.  
Og Systa á bók, en þó Systa sé klók,  
er hún samt ekki enn orðin læs.

Og guðslangan daginn hún hoppar og hlær  
og hlátur er, hvar sem hún fer.  
Hún kyssti mig snöggvast á kinnina í gær  
og klappaði á hökuna á mér.  
Mig e góu vi dig, dú e góu vi mig,  
da er gaman að vea já dér,  
hún sagði og hló, en svo var það nóg,  
og hún sentist í burtu frá mér.

Já, Systa mín litla er svolítið þéð.  
En seinna, hvað verður hún pá?  
Það hefur svo afarmargt ótrúlegt skeð,  
að enginn er fær um að spá.  
Kannski ráðunautsfrú? Kannski ráðherrafrú?  
Því ræður nú framtíðin hljóð.  
En hvert hana ber og hvar sem hún er  
og hvert sem hún fer, er hún góð.

### 134. Ég á gamla frænku

Ég á gamla frænku sem heitir Ingeborg.  
Við eftir henni hermum  
er hún gengur niður á borg.

Og svo sveiflast fjöðrin  
og fjöðrin sveiflast svo.  
Og svo sveiflast fjöðrin  
og fjöðrin sveiflast svo.

Ég á gamla...  
Og svo sveiflast hatturinn...

Ég á gamla...  
Og svo sveiflast sjalið...

Ég á gamla...  
Og svo sveiflast karfan....

Ég á gamla...Og svo sveiflast pilsíð...

Ég á gamla...  
Og svo sveiflast frænkan...

### 135. Indíanalagið

Einn og tveir og þrír indíánar,  
fjórir og fimm og sex indíánar,  
sjö og átta og níu indíánar,  
tíu indíánar í skóginum.

Allir voru með byssu og boga.  
Allir voru með byssu og boga.  
Allir voru svo kátir og glaðir  
þeir ætluðu að fella björninn.

Uss þarna heyrðist eitthvað braka.  
Uss þarna heyrðist fugl að kvaka.  
Fram kom stóri og grimmi björninn  
pá hlupu allir heim til sín.

Pá hlupu einn og tveir og þrír indíánar,  
fjórir og fimm og sex indíánar,  
sjö og átta og níu indíánar,  
en einn indíáni varð eftir.

Hann var ekki hræddur við stóra björninn.  
Bang! hann skaut og hitti björninn.  
Tók svo af honum allan haminn  
og hélt á honum heim til sín.

Pá komu einn og tveir og þrír indíánar  
fjórir og fimm og sex indíánar  
sjö og átta og níu indíánar.  
Allir að skoða björninn.

### 136. Á bjargi byggði

Á bjargi byggði hygginn maður hús (x3)  
og þá kom steypiregn.  
Og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx (x3)  
og húsið á bjarginu stóð fast.

Á sandi byggði heimskur maður hús (x3)  
og þá kom steypiregn.  
Og þá kom steypiregn og vatnið óx og óx (x3)  
og húsið á sandinum það féll.

### 137. Djúp og breið

:; Djúp og breið, djúp og breið.  
Það er á sem að rennur djúp og breið :;  
Og hún rennur til mín og hún rennur til þín.  
Og hún heitir lífsins lind.  
Djúp og breið, djúp og breið.  
Það er á sem að rennur djúp og breið.

### 138. Hver hefur skapað blómin björt

Hver hefur skapað blómin björt,  
blómin björt, blómin björt?  
Hver hefur skapað blómin björt?  
Guð á himninum.

Hver hefur skapað fuglana,  
fuglana, fuglana?  
Hver hefur skapað fuglana?  
Guð á himninum.

Hver hefur skapað stjörnurnar,  
stjörnurnar, stjörnurnar?  
Hver hefur skapað stjörnurnar?  
Guð á himninum.

Hver hefur skapað þig og mig,  
þig og mig, þig og mig?

Hver hefur skapað þig og mig?  
Guð á himninum.

Hver hefur skapað blómin björt,  
fuglana, stjörnurnar?  
Hver hefur skapað þig og mig?  
Guð á himninum.

### 139. María systir

María systir stillt og prúð,  
fór út í búð að kaupa snúð.  
Og þegar hún kom til baka,  
var snúðurinn orðinn kaka.

Lilli litli bróðir minn,  
leikur sér með bílinn sinn.  
Svo á hann líka kassabíl,  
sem hann keyrir um með stíl.

Dísa heitir dúkkan mín,  
dásamlega sæt og fín.  
Í rauðum kjól með rjóða kinn,  
hún er besti vinur minn.

María systir sæt og prúð,  
fór út í búð að kaupa snúð.  
Og þegar hún kom til baka,  
var snúðurinn orðinn kaka.

### 140. Palli var einn í heiminum

Ég þekki lítinn labbakút  
sem langaði til að stelast út.  
Á litlu tánnum læddist hann einn  
en langaði ekki að vekja neinn.  
:; Ahaha trúðu mér, Palli var einn í heimi hér:;

Út á götu æddi hann  
en ekki nokkurn þar hann fann.  
Suður í búð hann síðan gekk  
og súkkulaðimola fékk.  
:; Ahaha trúðu mér, Palli var einn í heimi hér :;

## 141. Hresstu þig við

Hresstu þig við, liðkaðu lið,  
 dúddelídú, dúddelídú.  
 Laust og létt, lipurt og þétt,  
 dúddelídú, dúddelídú.  
 Láttu nú hendurnar hraðara ganga,  
 hristu nú á þér skankana langa.  
 Dúddelídú, dúddelídú,  
 byrjum aftur nú, oooooog....(endurtaka allt  
 aftur)

## 142. Krummi krunkar úti

D  
 Krummi krunkar úti,  
 A D  
 kallar á nafna sinn:  
 D  
 „Ég fann höfuð af hrúti  
 A D  
 hrygg og gæruskinn.“  
 D  
 :,: Komdu nú og kroppaðu með mér,  
 A D  
 krummi nafni minn :,:

## 143. Krumminn á skjánum

Krumminn á skjánum,  
 kallar hann inn:  
 „Gef mér bita af borði þínu,  
 bóndi minn!“  
 Bóndi svarar býsna reiður:  
 „Burtu farðu, krummi leiður.  
 Líst mér að þér lítill heiður,  
 ljótur ertu á tánum,  
 krumminn á skjánum“.

## 144. Krumminn í hlíðinni

Krumminn í hlíðinni hann fór að slá.  
 Þá kom lóa lipurtá og fór að raka ljá.  
 Hann gaf henni hnappa þrjá,  
 sagð' ún mætt' ei segja frá.  
 Þá kom spói spíssnefur og hann sagði frá,  
 prakkarinn sá.  
 Þó var ljáin ekki nema hálf tannað puntstrá.

## 145. Krummi svaf í klettagjá

Krummi svaf í klettagjá  
 kaldri vetrarnóttu á,  
 :/: Verður margt að meini, :/:

Fyrr en dagur fagur rann  
 freðið nefið dregur hann  
 :/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor  
 ekkert fæst við ströndu mor  
 :/: svengd er metti mína, :/:

Ef að húsum heim ég fer  
 heimafrakkur bannar mér  
 :/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,  
 einnig brýndi gogginn vel  
 :/: flaug úr fjallagjótum, :/:

Lítur yfir byggð og bú,  
 á bæjum fyrr en vakna hjú,  
 :/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá  
 sauður feitur garði hjá  
 :/: fyrrum frá á velli, :/:

Krunk, krunk, nafnar, komið hér  
 krunk, krunk því oss búin er  
 :/: krás á köldu svelli. :/:

## 146. Dvel ég í draumahöll

D  
Dvel ég í draumahöll  
A D  
og dagana lofa  
D  
Litlar mýs um löndin öll  
A D  
liggja nú og sofa.  
G  
Sígur ró á djúp og dal,  
D  
dýr til hvílu ganga.  
D Bm  
Einnig sofna skolli skal  
A D  
með skottið undir vanga.

## 147. Fylgd

Komdu, litli ljúfur, labbi pabba stúfur,  
látum draumsins dúfur dvelja inni um sinn.  
Heiður er himinninn.  
Blærinn faðmar bæinn, býður út í daginn.  
Komdu, kalli minn.

Göngum upp með ánni inn hjá mosaflánni,  
fram með gljúfragjanni gegnum móans lyng,  
heyrirðu hvað ég syng.  
Líkt og lambamóðir leiti á fornar slóðir  
innst í hlíðarhring.

Héðan sérðu hafið hvítum ljóma vafið,  
það á geymt og grafið gull og perluskel,  
ef þú veiðir vel.  
En frammi á fjöllum háum fjarri sævi bláum  
sefur gamalt sel.

Glitrar grund og vangur, glóir sund og drangur.  
Litli ferðalangur láttu vakna nú  
þína tryggð og trú.

Lind í lautu streymir, lyng á heiði dreymir,  
þetta land átt þú.

Hér bjó afi og amma eins og pabbi og mamma.  
Eina ævi og skamma eignast hver um sig,  
stundum þröngan stig.  
En þú átt að muna alla tilveruna,  
að þetta land á þig.

Ef að illar vættir inn um myrkragættir  
bjóða svikasættir svo sem löngum ber  
við í heimi hér,  
þá er ei þörf að velja, þú mátt aldrei selja  
það úr hendi þér.

Göngum langar leiðir, landið faðminn breiðir.  
Allar götur greiðir gamla landið mitt,  
sýnir hjarta sitt.  
Mundu, mömmu ljúfur, mundu, pabba stúfur,  
að þetta er landið þitt.

## 148. Vinátta

Allir þurfa' að eiga vin  
allir þurfa að eiga vin.  
Leggjum núna hönd í hönd  
og hnýtum okkar vinabönd.

Þegar bjátar eitthvað á  
allt það segja vini má.  
Ýta sorgum öllum frá  
og aftur gleði sinni ná.

Vináttan hún færir frið.  
Friður bætir mannkynið.  
Öðrum sýnum ást og trú  
og eflum vináttuna nú.

Allir þurfa' að eiga vin  
allir þurfa að eiga vin.  
Leggjum núna hönd í hönd  
og hnýtum okkar vinabönd.



## 149. Ísland er land þitt

Ísland er land þitt og ávallt þú geymir  
 Ísland í huga þér hvar sem þú ferð.  
 Ísland er landið sem ungan þig dreymir.  
 Ísland í vonanna birtu þú sérð.  
 Ísland í sumarsins algræna skróði.  
 Ísland með blikandi norðljósatraf.  
 Ísland er feðranna afrekum hlúði.  
 Ísland er foldin sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir.  
 Íslensk er tunga þín skír eins og gull.  
 Íslensk er lind sem um æðar þér streymir.  
 Íslensk er vonin af bjartsýni full.  
 Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.  
 Íslensk er lundin með karlmennsku þor.  
 Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.  
 Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.  
 Íslandi helga þú krafta og starf.  
 Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma.  
 Íslenska tungu, hinn dýrasta arf.  
 Ísland sé blessað um aldanna raðir.  
 Íslenska moldin er lífið þér gaf.  
 Ísland sé falið þér eilífi faðir.  
 Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

## 150. Kvæðið um fuglana

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
 svo hlusti englar guðs í paradís.  
 Við götu mína fann ég fjalarstúf  
 og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,  
 ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
 Í huganum til himins oft ég svíf  
 og hlýtt að geta sungið í þá líf.

Peir geta sumir synt á læk og tjörn  
 og sumir verða alltaf lítil börn.  
 En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
 og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængja þyt,  
 um varpann leikur draumsins perluglit.  
 Snert hörpu mína himinborna dís,  
 og hlustið englar guðs í paradís.

## 151. Myndin hennar Lísu

Em B7 Em B7  
 Gult fyrir sól, grænt fyrir líf  
 Am Em F#7 B7  
 grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.  
 Em B7 C D G  
 Hvítt fyrir börn sem biðja um frið,  
 Am Em F#7 B7  
 biðja þess eins að mega lifa eins og við.  
 Em G B7 Em  
 Er ekki jörðin fyrir alla?

Taktu þér blað, málaðu á það,  
 mynd þar sem að allir eiga öruggan stað.  
 Augu svo blá, hjörtu sem slá,  
 hendur sem fagnar halda frelsinu á.  
 Er ekki jörðin fyrir alla?

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf  
 grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.  
 Hvítt fyrir börn sem biðja um frið,  
 biðja þess eins að mega að lifa eins og við.  
 Er ekki jörðin fyrir alla?

## 152. Pytur í laufi

Pytur í laufi, bálið brennur.  
Blærinn hvíslar: „sofðu rótt.“  
Hljóður í hafið röðull rennur,  
roðnar og býður góða nótt.  
Vaka þó ennþá vinir saman  
varðeldi hjá í fögrum dal.  
Lífið er söngur, glaumur, gaman.  
Gleðin, hún býr í fjallasal.

## 153. Í bljúgri bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,  
sem þekkir mig og verkin mín.  
Ég leita þín, Guð leiddu mig  
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,  
sú rétta virðist aldrei greið.  
Ég geri margt, sem miður fer,  
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,  
ég betur kunni þjóna þér,  
því veit mér feta veginn þinn,  
að verðir þú æ Drottinn minn.

## 154. Ef þig langar að syngja

Ef þig langar að syngja þinn söng  
er söngvastundin að renna upp núna.  
Enginn syngur þann söng í þinn stað.  
Á morgun er orðið til söngs of seint  
við syrgjum þau ljóð sem í þögnina dóu.  
Svo settu nú ekki þinn söng á frest,  
heldur syngdu hann nú, það er best.

Ef þú vinur átt örlitla ást,  
er ástarstundin að renna upp núna

og enginn mun elska' í þinn stað.  
Að elska á morgun er allt of seint  
og ónýtt hver löngun sem fékk ekki að rætast.  
Svo sláðu því ást þinni ekki á frest  
heldur elskaðu nú, það er best.

Ef þig langar að njóta þíns lífs  
eru lífsins stundir að renna upp núna.  
Enginn lifir því lífi' í þinn stað.  
Að lifa á morgun er löngu'of seint,  
menn láta sér fátt þótt þú ætlir og viljir.  
Svo láttu' ekki slá þínu lífi á frest  
heldur lifðu því nú, það er best.

## 155. Kvöldsigling

Bátur líður út um Eyjasund,  
enn er vor um haf og land.  
Syngur blærinn einn  
um aftanstund,  
aldan niðar blítt við sand.

Ævintýrin eigum ég og þú,  
ólgar blóð og vaknar þrá.  
Fuglar hátt á syllum byggja bú.  
Bjartar nætur vaka allir þá.

Hvað er betra en vera ungur og ör,  
eiga vonir og æskufjör,  
geta sungið, lifað, leikið sér,  
létt í spori hvar sem er,  
og við öldunið um aftanstund  
eiga leyndarmál og ástarfund.

## 156. Bí bí og blaka

Bí bí og blaka  
álftirnar kvaka.  
Ég læt sem ég sofi  
en samt mun ég vaka.

Bíum bíum bamba,  
börnin litlu þamba  
fram á fjallakamba  
að leita sér lamba.

## 157. Sofðu unga ástin mín

Sofðu, unga ástin mín.  
Úti regnið grætur.  
Mamma geymir gullin þín,  
gamla leggi og völuskrín.  
Við skulum ekki  
vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit  
minn er hugur þungur.  
Oft ég svartan sandinn leit  
svíða grænan engireit.  
Í jöklinum hljóða  
dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt  
seint mun best að vakna.  
Mæðan kenna mun þér fljótt,  
meðan hallar degi skjótt  
að mennirnir elska,  
missa, gráta og sakna.

## 158. Vertu til

Em B  
Vertu til er vorið kallar á þig,  
B<sup>7</sup> Em  
vertu til að leggja hönd á plóg  
Em G Am Em  
Komdu út, því að sólskinið vill fá sjá þig,  
Am Em B<sup>7</sup> Em  
:,: sveifla haka og rækta nýjan skóg, HEY:,:

Allt hið liðna er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma  
- segðu engum manni hitt!  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

## 159. Með sól í hjarta

G  
Með sól í hjarta og söng á vörum  
C G  
við setjumst niður í grænni laut.  
C G  
Í lágu kjarri við kveikjum eldinn  
D G  
og kakó hitum og eldum graut

## 160. Vikivakar

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylinn vindar leiða  
- draumalandið himinheiða  
hlær og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin  
- mundu að það er stutt hver stundin  
stopult jarðneskt yndið þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...  
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

## 161. Vorsöngur Ídu

Já vittu til, staðhæfir vorið,  
að vetrinum þoka ég frá.  
Þótt enn hvíli blómin í blundi  
og bleik séu úthagans strá.  
Ég vildi þau vekja og hressa  
en veit það er fullsnemmt um sinn.  
Því geri ég holur í hjarnið  
og hleypi þar sólinni inn.

Svo leysi ég vatnið í læki  
og lokka fram gullið í þeim.  
Og kalla á kríurnar léttu  
að koma og flýta sér heim.  
Ég hristi af greinunum hrímið  
svo hreiðurstað fuglarnir sjá.  
Og skýin af himninum heilsa  
um heiðloftin skínandi blá.

Og grænjaxlar vorsins og gróður  
ég gef síðan börnum að sjá.  
Úr vorblómsins bikar þá bergir,  
ein blómflugan röndótt og smá.  
Svo bý ég til bala og rjóður  
sem börnin finna með þökk.  
Og helli loks heiðríku sumri  
á hlaup þeirra leiki og köll.

## 162. Vorvindar glaðir

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,  
geysast um löndin létt eins og börn.  
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,  
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.  
Hjartað mitt litla hlustaðu á,  
hóar nú smalinn brúninni frá.  
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,  
frjálst er í fjalladal.

## 163. Í fjalladal

Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á vorin  
er grænkar hlíð og gróa blóm  
og glymur loft af svanahljóm.  
Í fjallasal, í fjallasal  
er fagurt oft á vorin.  
Í fjalladal, í fjalladal  
er fagurt oft á haustin  
er hrímgæð tindrar lauf og lyng  
og ljómar tunglskin allt í kring.  
Í fjallasal, í fjallasal  
er fagurt oft á haustin.

## 164. Út um mela og móa

Út um mela og móa  
syngur mjúkrödduð lóa  
og frá sporléttum spóa  
heyrist sprellfjörugt la

A a a holleratse hía holleratse hí hú hú  
holleratse hía holleratse hí hú hú  
holleratse hía holleratse hí hú hú  
holleratse hía hú

Út um strendur og stalla  
hlakkar stór veiðibjalla.  
Heyrið ómana alla

út um flóa og fjörð.

A a a holleratse ...

Hér er krían á kreiki  
hér er krumminn á reiki.  
Börnin léttstíg í leiki  
fara líka í dag.

A a a holleratse.....

## 165. Maístjarnan

Ó hve létt er þitt skóhljóð  
ó hve lengi ég beið þín  
það er vorhret á glugga,  
napur vindur sem hvín,  
en ég veit eina stjörnu,  
eina stjörnu sem skín  
og nú loks ertu komin,  
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar  
það er atvinnupref,  
ég hef ekkert að bjóða,  
ekki ögn sem ég gef,  
nema von mína og líf mitt  
hvort ég vaki eða sef,  
þetta eitt sem þú gafst mér  
það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri  
sérhvers vinnandi manns  
og á morgun skín maísól,  
það er maísólin hans,  
það er maísólin okkar,  
okkar einingarbands,  
fyrir þér ber ég fána  
þessa framtíðarlands.

## 166. Sá ég spóa

Sá ég spóa suður í flóa  
syngur lóa út í móa  
bí, bí, bí, bí,  
vorið er komið víst á ný.

## 167. Vorið góða

Vorið góða, grænt og hlýtt,  
græðir fjör um dalinn.  
Allt er nú sem orðið nýtt,  
ærnar, kýr og smalinn.

## 168. Heiðlóukvæði

Snemma lóan litla í  
lofti bláu „dírrindí“  
undir sólu syngur:  
„lofið gæsku gjafarans -  
grænar eru sveitir lands,  
fagur himinhringur.

Ég á bú í berjamó,  
börnin smá í kyrrð og ró  
heima í hreiðri bíða;  
mata ég þau af móðurtryggð,  
maðkinn tíni þrátt um byggð  
eða flugu fríða."

Lóan heim úr lofti flaug  
(ljómaði sól um himinbaug,  
blómi grær á grundu)  
til að annast unga smá -  
alla étið hafði þá  
hrafn fyrir hálfri stundu!

## 169. Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.  
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.  
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,  
sólskin í dali og blómstur í tún.  
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,  
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,  
hún hefur sagt mér að vaka og vinna  
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

## 170. Krakkar út kátir hoppa

Krakkar út kátir hoppa úr koti og höll,  
léttfættu lömbin skoppa um laut og völl.  
Smalar í hlíðum húa sitt hvella lag.  
Kveður í lofti lóa svo léttan brag.

Vetrarins fjötur fellur, þá fagnar geð.  
Skólahurð aftur skellur og skruddan með.  
Sóleyjar vaxa í varpa og vorsól skín.  
Velkomin vertu, Harpa, með vorblóm þín.

## 171. Nú er sumar

Nú er sumar, gleðjist gumar gaman er í dag.  
Brosir veröld víða, veðurlagsins blíða,  
:,: eykur yndishag. :,:

Látið spretta, spori létta spræka fáka nú.  
Eftir sitji engi, örvar víf og drengi  
:,: sumarskemmtun sú. :,:

Tíminn líður, tíminn bíður sælan sólskinsdag.  
Yndi' er úti á grundum, yndi heim þá skundum,  
:,:seint um sólarlag. :,:

## 172. Signir sól

Signir sól sérhvern hól.  
Sveitin klæðist geislakjól.  
Blómin blíð, björt og fríð,  
blika fjalls í hlíð.  
Nú er fagurt flest í dag.  
Fuglar syngja gleðibrag.  
Sumarljóð, sæl og rjóð,  
syngja börnin góð.

## 173. Sól, sól skín á mig

Sólin er risin, sumar í blænum,  
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.  
Ómar allt lífið af ylríkum söng  
unaðsbjörtu dægri löng.

Sól, sól skín á mig,  
ský, ský burt með þig.  
Gott er í sólinni að gleðja sig,  
sól, sól skín á mig.

Blóm vekur skrautlega iðandi angan,  
andblærinn gælir við marglita vanga.  
Ómar allt lífið af ylríkum söng  
unaðsbjörtu dægri löng.

Sól, sól skín á mig,  
ský, ský burt með þig.  
Gott er í sólinni að gleðja sig,  
sól, sól skín á mig.

Leikandi skarinn af ánægju iðar,  
áhugi samlætis glitrar og niðar.  
Ómar allt lífið af ylríkum söng,  
unaðsbjörtu dægri löng.

## 174. 17. júní

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól,  
sumarið í algleymi og hálf t ár enn í jól.  
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag,  
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.  
:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. :;:

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn,  
firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.  
Fjallkonan í múnderingu þrílar upp á pall,  
með þrjáli les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.  
:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. :;:

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,  
lítill börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.  
Síðan líður dagurinn við hátíðannahöld,  
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.  
:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. :;:

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,  
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.  
En rigning bindur enda á þetta gleðigeim,  
því gáttir opnast himins og allir fara heim.  
:; Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei,  
það er kominn 17. júní. :;:

## 175. Öxar við ána

Öxar við ána, árdags í ljóma  
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.  
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,  
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.  
Fram, fram, aldrei að víkja.  
Fram, fram, bæði menn og fljóð.  
Tengjumst tryggðarböndum,  
tökum saman höndum,  
stríðum, vinnum vorri þjóð.

## 176. Vaki, vaki

Vaki, vaki, vaki, vaki  
vogar, grundir, dalir og fjöll.  
Söng þinn undir taki,  
ó, sumar, a- ha-ha  
sumar, börnin þín öll.

## 177. Sumarkveðja

Ó, blessuð vertu sumarsól,  
er sveipar gulli dal og hól  
og gyllir fjöllin himinhá  
og heiðarvötnin blá.  
Nú fossar, lækir, unnir, ár  
sér una við þitt gyllta hár.  
Nú fellur heitur haddur þinn  
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,  
þú glæðir allar vonir manns,  
og hvar sem tárin kvika á kinn,  
þau kyssir geislinn þinn.  
Þú fyllir dalinn fuglasöng,  
nú finnast ekki dægrin löng,  
og heim í sveitir sendirðu' æ  
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjónogar, gleður, fæðir allt,  
um fjöll og dali og klæðir allt,  
og gangirðu undir, gjörist kalt,  
þá grætur þig líka allt.  
Ó, blessuð vertu, sumarsól,  
er sveipar gulli dal og hól  
og gyllir fjöllin himinhá  
og heiðarvötnin blá.

## 178. Fram í heiðanna ró

Fram í heiðanna ró,  
fann ég bólstað og bjó,  
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð,  
aldrei heyrast þar hnjóð,  
þar er himinninn víður og tær.

Viðlag  
Heiðarból ég bý,  
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.  
Þar er vistin mér góð, aldrei heyrast þar hnjóð,  
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld  
upp í stjarnanna fjöld  
hef ég starað með spyrjandi þrá.  
Skyldi dýrðin í geim  
bera af dásemdum þeim,  
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Viðlag.....

Þetta loft er svo tært,  
finnið þytmjúkan þey  
hve hann þyrlar upp angan úr mó,  
Nei, ég vildi ekki borgir  
né blikandi torg  
fyrir býlið í heiðanna ró.

Viðlag.....

## 179. Út um mó

Úti um mó, inn í skóg,  
uppi í hlíð í grænni tó.  
Litlu berin lyngi vaxa á,  
tína, tína, tína má.  
Tína þá berjablá,  
börn í lautu til og frá.  
Litlu berin lyngi vaxa á,  
tína, tína, tína má



## 180. Undir bláhimni

Undir bláhimni blíðsumars nætur,  
barstu í arma mér rósfagra mey,  
þar sem döggin á grasinu grætur,  
gárast tjörnin í suðrænum þey.  
Ég var snortinn af yndisleik þínum,  
ástarþráin er vonunum felld.  
Þú varst ljósblik á lífshimni mínum,  
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég skal dansa við þig meðan dunar  
þetta draumblíða lag, sem ég ann.  
Meðan fjörið í æðunum funar  
og af fögnuði hjartans, er brann.  
Og svo dönsum við dátt, það er gaman,  
meðan dagur í austrinu rís.  
Og þá leiðumst við syngjandi saman  
út í sumarsins paradís.

## 181. Ef væri ég söngvari

Ef væri ég söngvari syngi ég ljóð,  
:,um sólina, vorið og land mitt og þjóð:;

En mömmu ég gæfi mín ljúfustu ljóð,  
:,hún leiðir mig, verndar og er mér svo góð:;

Ef gæti ég farið, sem fiskur um haf,  
:,ég fengi mér dýrustu perlur og raf:.

Og rafið ég geymdi og gæfi' ekki braut  
:,en gerði' enni mömmu úr perlunni skraut:;

## 182. Bráðum fæðast lítil lömb

(Lag: Fyrr var oft í koti kátt).

Bráðum fæðast lítil lömb  
leika sér og hoppa.  
Með lítinn munn og litla vömb  
lambagrasið kroppa.  
Við skulum koma og klappa þeim  
kvölds og bjartar nætur,  
reka þau í húsin heim  
hvít með gula fætur.  
Fuglarnir sem flýðu í haust,  
fara að koma bráðum.  
Syngja þeir með sætri raust  
sveifla vængjum báðum.  
Við skulum hlæja og heilsa þeim  
hjartans glöð og fegin,  
þegar þeir koma þreyttir heim  
þúsund mílna veginn.

## 183. Haustvísa

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær,  
þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.  
Blöðin grænu hafa visnað orðin gul og rauð,  
ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni sem var autt í gær.  
Yfir landið hélugráum ljóma slær.  
Ég brýt heilann um það segðu mér hvað heldur þú?  
Kemur haustið fyrst á morgun, er það komið nú?

Nú er grettin jörðin eins og gamalt skar.  
Sjást nú gráar hærur þar sem grasið var.  
Yfir fyrrum gróna bala liggja frosin spor.  
Ég verð kuldatíð að pola þar til kemur vor.

## 184. Fönn, fönn, fönn

Hvað er það sem fellur svona af himnum ofan,  
látt' ekki eins '(og) þú vitir ekki hvað það er.  
Hvað er það sem hylur litla fjallakofa,  
ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem litlu blómin blunda undir,  
ég hef bar' ekki grænan grun um hvað það er.  
Hvað er það sem fýkur yfir hæð og grundir,  
ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.  
Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.  
Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.  
ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem safnast upp í háa skafla,  
æ, hættu elsku best' að gera gys að mér.  
Hvað er það sem börnin vaða upp að nafla,  
ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn....

Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.  
Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.

Hvað er það sem minnir mig á jólasveina,  
hvað er það sem veldur góðum geðbrigðum.  
Það er þetta eina sanna hvíta hreina,  
ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn....

Fönn, fönn, fönn.....

## 185. Að gæta hennar gildir hér og nú

Á íslensku má alltaf finna svar  
og orða stórt og smátt sem er og var  
og hún á orð sem geyma gleði' og sorg  
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál  
þar vex og grær og dafnar okkar mál,  
að gæta hennar gildir hér og nú  
það gerir enginn nema ég og þú.

## 186. Úti er alltaf að snjóa

Úti er alltaf að snjóa  
því komið er að jóluunum  
og kólna fer í Pólunum.  
En sussum og sussum og róa  
ekki gráta elskan mín,  
þó þig vanti vítamín.  
Ávexti eigum við nóga  
handu litlu krökkunum  
sem kúra sig í brökkunum.  
Þú færð í magann þinn mjóa  
melónur og vínber fín.  
Þótt kinnin þín litla sé kannske soldið köld og blá,  
áttu samt vini sem aldrei bregðast:  
Af ávöxtunum skuluð þér nú þekkja þá.  
Sussum og sussum og róa,  
ekki gráta elskan mín  
þó þig vanti vítamín.  
Þú færð í magann þinn mjóa  
melónur og vínber fín.

## 187. Allir hlæja á Öskudaginn

Allir hlæja á öskudaginn.  
Ó hvað mér finnst gaman þá.  
Hlaupa lítil börn um bæinn.  
Og bera poka til og frá.

## 188. Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur

Á bolludegi fer ég með bolluvönd á kreik.  
Mér alltaf þykir gamanað iðka þennan leik.  
Ég bolla og bollaá bossann á þér fast ég slæ  
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.  
Já bragðgóðar eru  
bollurnar, bollurnar, bollurnar,  
já bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ.

Á sprengidegi er bumban  
að springa hreint á mér.  
Því magnið er ei smátt sem í magann á mér fer.  
Af salkjöti og baunum  
ég saðningu í magann fæ.  
Af salkjöti og baunum ég saddur er og hlæ.  
Já bragðgóðar eru  
baunirnar, baunirnar, baunirnar  
já bragðgóðar eru baunirnar, húllum hæ.

Á öskudegi fer ég með öskupoka af stað.  
Og elti menn og konur sem ekkert vita um það.  
Hengi svo poka á hinn og þennan sem ég næ  
lauma á poka, læðist burt og hlæ.  
Svo dingla þeir þarna  
pokarnir, pokarnir, pokarnir  
svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ.

## 189. Snjókorn falla

Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt,  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt  
nú er skemmtilegt að líta  
okkar landið kalda og hvíta  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.  
Syngjum æ,æ,hopp og hí og hæ  
svo það hljómi í þorpi, borg og bæ  
inní dölum uppi á fjöllum  
ómar loft af hlátrasköllum  
syngjum æ,æ,hopp og hí og hæ.

## 190. Ég hlakka svo til

Ég hlakka svo til þegar hættir að snjóa,  
ég hlakka svo til þegar veturinn dvín,  
ég hlakka svo til þess að hlusta á hann spóa,  
ég hlakka svo til þegar vorsólin skín,  
ég hlakka svo til þegar hér fer að gróa,  
ég hlakka að kyssa þig, sóleyjan mín,  
ég hlakka svo til þess að hleypa honum Glóa,  
ég hlakka svo til þess að koma til þín.

## 191. Frost er úti fuglinn minn

C F  
Frost er úti fuglinn minn  
G C  
ég finn hvað þér er kalt  
C F  
Nærðu engu í nefið þitt  
G C  
því nú er frosið allt.  
C  
En ef þú bíður augnablik  
F C G  
ég ætla að flýta mér  
C F  
og biðja hana mömmu mína  
G C  
um mylsnu handa þér.

## 192. Nú er úti norðanvindur

D  
Nú er úti Norðanvindur  
D  
Nú er hvítur Esjutindur  
A  
Ef ég ætti úti kindur  
A D  
Þá mundi ég láta þær allar inn  
A D  
elsku bestu vinur minn

D A  
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa HEY  
A D  
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa HEY

Upp er runninn öskudagur,  
ákaflega skír og fagur.  
Einn með poka ekki ragur  
úti vappar heims um ból.  
Góðan daginn, gleðileg jól

Úmbarassa...  
Elsku bestu stálagrér,  
heyrirðu hvað ég segi þér:  
"Þú hefur étið úldið smér,  
og dálítið af snæri,  
elsku vinurinn kæri".  
Úmbarassa...

Þarna sé ég fé á beit,  
ei er því að leynd.  
Nú er ég kominn upp í sveit  
á rútunni hans Steina.  
Skilurðu hvað ég meina?  
Úmbarassa...

Höfði stingur undir væng,  
hleypur nú á snærið.  
Hún Gunna liggur undir sæng,  
öll nema annað lærið.  
Nú er tækifærið.  
Úmbarassa...

## 193. Þorraprællinn 1866

D  
Nú er frost á Fróni  
G D  
frýs í æðum blóð  
D A  
kveður kuldaljóð  
A D  
Kári í jötunmóð  
D  
Yfir laxalóni  
G D  
liggur klakapil  
D A  
hlær við hríðarbyl  
A D  
hamragil.

D A  
Mararbára blá  
A D  
brotnar þung og há  
D A  
unnarsteinum á  
A D  
yggld og grett á brá

D  
Yfir aflatóni  
G D  
æðrast skipstjórinn  
D A  
harmar hlutinn sinn  
A D  
hásetinn.

## 194. Tólf bræður

Janúar kemur með kulda og snjá.  
 Febrúar málur frostrós á skjá.  
 Mars okkur þreytir hans þung eru spor.  
 Apríl er betri, hann boðar oss vor.  
 Maí gefur lömbunum lífgrös og skjól.  
 Júní er hreykinn, með hágenga sól.  
 Júlí er bestur, ég bið um hann strax  
 Ágúst hann býður oss ber sín og lax.  
 September roðnar með réttir og glaum.  
 Október sefur við saknaðardraum.  
 Nóvember skipar: í skólann á ról.  
 Desember gefur hin dýrðlegu jólf.

## 195. Tölurnar

Einn og tveir  
 inn komu þeir,  
 þrír og fjórir,  
 furðustórir,  
 fimm, sex, sjö og átta,  
 svo fóru þeir að hátta.  
 Níu, tíu, ellefu' og tólf,  
 lögðu plögginn sín á gólf,  
 svo fóru þeir að sofa  
 og sína drauma lofa.  
 En um miðjan morgun  
 hún mamma vakti þá,  
 þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán,  
 fætur stukku þeir á.  
 Svo fóru þeir að smala  
 suður fyrir á,  
 sautján, átján lambærnar  
 sáu þeir þá,  
 nítján voru tvílembdar  
 torfunum á,  
 tuttugu sauðirnir  
 suður við sel.  
 Teldu nú áfram  
 og teldu nú vel.

## 196. Klukkurím

Klukkan eitt eta feitt.  
 Klukkan tvö baula bö.  
 Klukkan þrjú mjólka kú.  
 Klukkan fjögur kveða bögur.  
 Klukkan fimm segja bimm.  
 Klukkan sex borða kex.  
 Klukkan sjö segja Ö.  
 Klukkan átta fara að hátta.  
 Klukkan níu veiða kríu.  
 Klukkan tíu kyssa píu.  
 Klukkan ellefu flytja kellingu.  
 Klukkan tólf ganga um gólf.

## 197. Fingravísa

Pumalfingur er mamma  
 sem var mér vænst og best,  
 vísifingur er pabbi  
 sem gaf mér rauðan hest,  
 langatöng er bróðir  
 sem býr til falleg gull,  
 baugfingur er systir  
 sem þrjónar sokka úr ull,  
 litlifingur er barnið  
 sem leikur að skel,  
 litli pínu anginn  
 sem stækkar svo vel,  
 hér er allt fólkið  
 svo fallegt og nett,  
 fimm eru í bænum ef talið er rétt.  
 Ósköp væri gaman  
 í þessum heim,  
 ef öllum kæmi saman  
 jafn vel og þeim.

## 198. Pulan um líkamann

- Er þetta penni?  
- Nei, þetta er enni.  
Er þetta kaka?  
- Nei, þetta er haka.  
Er þetta Stebbi?  
- Nei, þetta er nebbi.  
Er þetta Unnur?  
- Nei, þetta er munnur.  
Er þetta tár?  
- Nei, þetta er hár.  
Er þetta lunga?  
- Nei, þetta er tunga.  
Er þetta skinn?  
- Nei, þetta er kinn.  
Er þetta önd?  
- Nei, þetta er hönd.  
Er þetta slingur?  
- Nei, þetta er fingur.  
Er þetta hagi?  
- Nei, þetta er magi.  
Eru þetta skæri?  
- Nei, þetta er læri.  
Er þetta tré?  
- Nei, þetta er hné.  
Er þetta gil?  
- Nei, þetta er il.  
Er þetta ká?  
- Nei, þetta er tá.  
Er þetta skass?  
- Nei, þetta er rass.

## 199. Sól skín á fossa

Sól skín á fossa,  
segir hún Krossa.  
Hvar á að tjalda?  
segir hún Skjalda.  
Suður við ána,  
segir hún Grána.  
Ég skal snjónum spyrna,  
segir hún Hyrna.  
Ég skal éta mína hit,

segir hún Hvít.  
Ég skal mjólka minna,  
segir hún Dimma.  
Ég skal standa innar,  
segir hún Kinna.  
Ég skal mjólka svo freyði,  
segir hún Reyður.  
Mér þykir góður ruddi,  
segir hann tuddi.  
Ég skal éta sem ég poli,  
segir hann boli.  
Ég skal éta sjálfur,  
segir hann kálfur.  
Ég poli illa hungur,  
segir vetrungur.

## 200. Græn eru laufin

Græn eru laufin og grasið sem grær.  
Glóðin er rauð og eldurinn skær.  
Fífill og sóley eru fagurgul að sjá.  
Fjöllin og vötnin og loftin eru blá.  
Hvítur er svanur sem syndir á tjörn.  
Svartur er hann krummi og öll hans börn.

## 201. Fagur fiskur í sjó

Fagur fiskur í sjó,  
brettist upp á halanum  
með rauða kúlu á maganum.  
Vanda, banda,  
gættu þinna handa.  
Vingur, slingur  
vara þína fingur.  
Fetta, bretta,  
svo skal högg á hendi detta.

## 202. Bokki sat í brunni

Bokki sat í brunni,  
hafði blaði í munni,  
hristi sína hringa,  
bað fugla að syngja.  
Grágæsamóðir!  
Ljáðu mér vængi,  
svo ég geti flogið  
upp til himintungla.  
Tunglið, tunglið, taktu mig  
og berðu mig upp til skýja,  
þar situr hún móðir mín  
og kembir ull nýja.

## 203. Dagarnir

Sunnudagur sagði:  
Þorið þið að mæta mér?  
Mánudagur flýtti sér.  
Þriðjudagur þagði.  
Miðvikudagur fór svo flatt  
að fimmtudagur um hann datt.  
En föstudagur hljóp svo hratt  
að hendur á hann lagði  
laugardagur byrstur mjög í bragði.  
En þá er vikan liðin  
og kyssti litlu börnin  
sem lásu og voru iðin.  
Þetta er alveg satt.  
Svo kemur næsta vika  
þá gengur það nú glatt.

## 204. Bráðum koma blessuð jólin

Bráðum koma blessuð jólin,  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallegt  
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn  
vandi er um slíkt að spá.  
Eitt er víst að alltaf verður  
ákaflega gaman þá.

## 205. Jólasveinar einn og átta

Jólasveinar einn og átta,  
ofan komu af fjöllum.  
Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,  
fundu hann Jón á völlum.  
Andrés stóð þar utan gátta  
það átti að færa hann tröllum.  
Þá var hringt í Hólakirkju  
öllum jólabjöllunum

## 206. Jólasveinar ganga um gólf

Jólasveinar ganga um gólf  
með gylltan staf í hendi,  
móðir þeirra sópar gólf  
og hýðir þá með vendi.

Upp á stól stendur mín kanna,  
níu nóttum fyrir jól  
þá kem ég til manna.

(Jólasveinar ganga um gólf  
með gildan staf í hendi,  
móðir þeirra hrín við hátt  
og hýðir þá með vendi.)

## 207. Jólasveinninn minn

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn  
ætlar að koma í dag.  
Með poka af gjöfum og segja sögur  
og syngja jólalag.  
Það verður gaman þegar hann kemur  
þá svo hátíðlegt er.  
Jólasveinninn minn, káti karlinn minn  
kemur með jólin með sér.

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn  
ætlar að koma í kvöld.  
Ofan af fjöllum með ærslum og köllum  
hann labbar um um holtin köld.  
Hann er svo góður og blíður við börnin  
bæði fátæk og rík.  
Enginn lendir í jólakettinum  
allir fá nýja flík

Jólasveinninn minn, jólasveinninn minn  
arkar um holtin köld.  
Af því að litla jólabarnið á afmæli í kvöld.  
Ró í hjarta, frið og fögnuð  
flestin öðlast þá.  
Jólasveinninn minn, komdu karlinn minn  
kætast þá börnin smá.

## 208. Það á að gefa börnum brauð

Það á að gefa börnum brauð  
að bíta í á jólunum,  
kertaljós og klæðin rauð  
svo komist þau úr bólunum,  
:/: væna flís af feitum sauð  
sem fjalla gekk á hólunum.  
Nú er hún gamla grýla dauð  
og gafst hún upp á rólunum. :/:



## 209. Aðventusöngur

Spádómskerti.

Við kveikjum einu kerti á.  
Hans koma nálgast fer,  
sem fyrstu jól í jötu lá  
og Jesúbarnið er.

Betlehems kerti.

Við kveikjum tveimur kertum á  
og komu bíðum hans,  
því Drottinn sjálfur soninn þá  
sum send' í líking manns.

Hirðakerti.

Við kveikjum þremur kertum á,  
því konungs beðið er,  
þótt Jesús sjálfur jötu og strá  
á jólum kysi sér.

Englakerti.

Við kveikjum fjórum kertum á.  
Brátt kemur gesturinn,  
og allar þjóðir þurfa að sjá,  
að það er frelsarinn

## 210. Á jólunum er gleði og gaman.

:/: Á jólunum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm. :/:

:/:Þá koma allir krakkar með  
í kringum jólatréð,  
þá mun ríkja gleði og gaman,  
allir hlæja' og syngja saman  
fúm, fúm, fúm.:/:

:/:Og jólasveinn með sekk á baki  
fúm, fúm, fúm.:/:

:/:hann gægist inn um gættina  
á góðu krakkana,  
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

:/:Á jólunum er gleði og gaman  
fúm, fúm, fúm.:/:

:/: þá klingja allar klukkur við  
og kalla á gleði og frið,  
þá mun ríkja gleði o.s.frv.:/:

## 211. Bjart er yfir Betlehem

Bjart er yfir Betlehem,  
blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín  
stjarnan allra barna.

Var hún áður vitringum  
vegaljósið skæra.

Barn í jötu borið var,  
barnið ljúfa, kæra.

Víða höfðu vitringar  
vegi kannað hljóðir.

Fundið sínum ferðum á  
fjöldamargar þjóðir.

Barst þeim allt frá Betlehem  
birtan undurskæra.

Barn í jötu borið var,  
barnið ljúfa, kæra.

Barni gjafir gáfu þeir.

Blítt þá englar sungu.

Lausnaranum lýstu þeir,  
lofgjörð drottni sungu.

Bjart er yfir Betlehem  
blikar jólastjarna.

Stjarnan mín og stjarnan þín  
stjarnan allra barna

## 212. Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Ég sá mömmu kyssa jólasvein  
við jólatréð í stofunni í gær.  
Ég læddist létt á tál til að líta gjafir á,  
hún hélt ég væri steinsofandi  
Stínu dúkku hjá.  
Og ég sá mömmu kitla jólasvein  
og jólasveinninn út um skeggið hlær.  
Ja, sá hefði hlegið með,  
hann faðir minn hefði hann séð  
mömmu kyssa jólasvein í gær.

## 213. Í skóginum stóð kofi einn

Í skóginum stóð kofi einn,  
sat við gluggann jólasveinn,  
þá kom lítið héraskinn,  
sem vildi komast inn.  
Jólasveinn, ég treysti á þig  
veiðimaður skýtur mig.  
Komdu litla héraskinn  
því ég er vinur þinn.

En veiðimaður kofann fann,  
jólasveinninn spurði hann,  
"hefur þú séð héraskinn,  
hlaupa um hagann þinn?"  
"Hér er ekkert héraskott,  
hafa skaltu þig á brott".  
jólasveinninn burtu gekk  
og engan héra fékk.

## 214. Adam átti syni sjö

Adam átti syni sjö  
sjö syni átti Adam.  
Adam elskaði alla þá  
og allir elskuðu Adam.  
Hann sáði, hann sáði.

Hann klappaði saman lófunum,  
hann stappaði niður fótunum,  
hann ruggaði sér í lendunum  
og sneri sér í hring.

## 215. Þá nýfæddur Jesús

Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá  
á jólnum fyrstu, var dýrðlegt að sjá.  
Þá sveimuðu englar frá himninum hans,  
því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu hallelúja með hátíðarbrag.  
Nú hlotnast guðsbörnunum friður í dag.  
Og fagnadi hirðarnir fengu að sjá,  
hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

## 216. Göngum við í kringum

Göngum við í kringum einiberjarunn,  
einiberjarunn, einiberjarunn.  
Göngum við í kringum einiberjarunn,  
snemma á mánudagsmorgni.  
Svona gerum við er við þvolum okkar þvott,  
þvolum okkar þvott, þvolum okkar þvott,  
svona gerum við er við þvolum okkar þvott,  
snemma á mánudagsmorgni.

Þriðjud: Vindum okkar þvott  
Miðvikud: Hengjum okkar þvott  
Fimmtud: Teygjum okkar þvott  
Föstud: Straujum okkar þvott  
Laugard: Skúrum okkar gólf  
Sunnud, snemma: Greiðum okkar hár  
Sunnud, seint: Göngum kirkjugólf

## 217. Nú skal segja

Nú skal segja, nú skal segja  
hvernig litlar telpur gera:  
Vagga brúðu, vagga brúðu  
og svo snúa þær sér í hring!

Litlir drengir: Sparka bolta  
Ungar stúlkur: Þær sig hneigja  
Ungir piltar: Taka ofan  
Gamlar konur: Þrjóna sokka  
Gamlir karlar: Taka í nefið  
aaatsjúú!!!

## 218. Gekk ég yfir sjó og land

Gekk ég yfir sjó og land  
og hitti þar einn gamlan mann.  
Sagði svo og spurði svo;  
hvar áttu heima?  
Ég á heima á Klapplandi  
klapplandi, klapplandi  
ég á heima á klapplandi,  
klapplandinu góða.  
Stapplandi,  
Hopplandi,  
Grátlandi,  
Hlælandi,  
Hvíslandi,  
Íslandi

## 219. Jólin alls staðar

Jólin, jólin alls staðar  
með jólagleði og gjafirnar.  
Börnin stóreyg standa hjá  
og stara jólaljósinn á.  
Jólaklukka boðskap ber  
um bjarta framtíð handa þér  
og brátt á himni hækkar sól,  
við höldum heilög jól.

## 220. Skreytum hús

Skreytum hús með greinum grænum  
fa la la la la fa la la la.  
Gleði ríkja skal í bænum.  
fa la la la la fa la la la.  
Tendrum senn á trénu bjarta  
fa la la la la la la la la  
tendrum ljós í hverju hjarta  
fa la la la la fa la la la

Ungir gamlir allir syngja  
engar sorgir hugann þyngja  
Jólabjöllur blíðar kalla  
boða frið um veröld alla.

## 221. Aðfangadagskvöld

Nú er Gunna á nýju skónum,  
nú eru að koma jól.  
Siggi er á síðum buxum,  
Solla á bláum kjól.

Mamma er enn í eldhúsinu  
eitthvað að fást við mat,  
Yndæla steik hún er að færa  
upp á stærðar fat.

Pabbi enn í ógnar basli  
á með flibbann sinn.  
"Fljótu Siggi finndu snöggvast  
flibbannappinn minn.

Kisu er eitthvað órótt líka,  
út fer brokkandi,  
ilmurinn úr eldhúsinu  
er svo lokkandi.

Jólatréð í stofu stendur  
stjörnuna glampar á,  
kertin standa á grænum greinum,  
gul og rauð og blá.

## 222. Gefðu mér gott í skóinn

Gefðu mér gott í skóinn  
góði jólasveinn í nótt.  
Úti þú arkar snjóinn,  
inni sef ég vært og rótt.

Góði þú mátt ei gleyma,  
glugganum er sef ég hjá.  
Dásamlegt er að dreyma  
dótið sem ég fæ þér frá.

Góði sveinki gættu að skó  
gluggakistunni á,  
og þú mátt ei arka hjá  
án þess að setja neitt í þá.

Gefðu mér eitthvað glingur  
góði jólasveinn í nótt.  
Meðan þú söngva syngur  
sef ég bæði vært og rótt.

Ó, hve skelfing yrði ég kát  
ef þú gæfir mér,  
eina dúkku, ígulker,  
eða bara hvað sem er.

Gefðu mér eitthvað glingur  
góði jólasveinn í nótt.  
Meðan þú söngva syngur  
sef ég bæði vært og rótt.

## 223. Babbi segir

Babbi segir, Babbi segir:  
"Bráðum koma dýrðleg jól".  
Mamma segir, mamma segir:  
"Magga fær þá nýjan kjól".  
Hæ hæ ég hlakka til  
hann að fá og gjafirnar.  
Bjart ljós og barnaspil,  
borða sætu lummurnar.

Mamma segir, mamma segir:  
"Magga litla ef verður góð"  
henni gef ég, henni gef ég  
haus á snoturt brúðufljóð."  
Hæ, hæ ég hlakka til,  
Hugnæm verður brúðan fín:  
Hæ hæ ég hlakka til  
himnesk verða jólin mín.

## 224. Snjókorn falla á allt og alla

Snjókorn falla á allt og alla  
börnin leika og skemmta sér.  
Nú er árstíð kærleika og friðar.  
Komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislur  
borða góðan jólamat.  
Gefa gjafir, fagna sigri ljóssins  
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld.  
Ég ætla að kyssa þig  
undir mistilteini í kvöld.  
Við kertaljósins lag.

Plötur hljóma, söngvar óma  
gömlu lögin syngjum hátt.  
Bara ef jólin væru aðeins lengri.  
En hvað gaman yrði þá.

## 225. Litla jólabarn

Jólaklukkan klingja,  
kalda vetrarnótt.  
Börnin sálma syngja  
sætt og ofurhljótt.  
Englaraddir óma  
yfir freðna jörð.  
Jólaljósir ljóma  
lýsa upp myrkan svörð.

Litla jólabarn, litla jólabarn  
ljómi þinn stafar geislum  
um ís og hjarn.  
Indæl ásýnd þín yfir heimi skín,  
litla saklausa jólabarn.

Ljúft við vögguna lága  
lofum við þig nú.  
Undrið ofursmáa  
eflir von og trú.  
Veikt og vesælt alið  
varnarlaust og smátt,  
en fjöregg er þér falið  
fram tíð heims þú átt.  
Litla jólabarn.....

Er þú hlærð og hjalar,  
hrærist sála mín.  
Helga tungu tala  
tærblá augu þín.  
Litla brosið bjarta  
boðskap flytur enn.  
Sigrar mirknið svarta  
sættir alla menn.  
Litla jólabarn.....

## 226. Meiri snjó

Er lægst er á lofti sólin,  
þá loksins koma jólin.  
Við fögnum í friði og ró,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakkakórinn,  
er kemur jólasnjórinn.  
Og æskan fær aldrei nóg,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það er barnanna besta stund,  
þegar byrjar að snjóa á grund.  
Úti á flötinni fæðist hratt,  
feikna snjókall með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólið,  
því bráðum koma jólin.  
Þau fagna í friði og ró,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.  
Þau fagna í friði og ró,  
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

## 227. Hátíð í bæ

Ljósadýrð loftin gyllir  
lítið hús yndi fyllir  
og hugurinn heimleiðis leitar því æ  
man ég þá er hátíð var í bæ.

Ungan dreng ljósin laða  
litla snót geislum baðar  
Ég man það svo lengi sem lifað ég fæ  
lífið þá er hátíð var í bæ.

Hann fékk bók, en hún fékk nál og tvinna,  
hönd í hönd þau leiddust kát og rjóð.  
Sælli börn sjaldgæft er að finna  
ég syng um þau mitt allra besta ljóð.

Söngur dvín svefnin hvetur,  
systkin tvö geta ei betur  
er sofna hjá mömmu ég man þetta æ  
man það þá er hátíð var í bæ.

## 228. Jólin koma

Er nálgast jólin lifnar yfir öllum  
það er svo margt sem þarf að gera þá  
og jólasveinar fara uppá fjöllum  
að ferðbúast og koma sér á stjá.

Jólin koma, jólin koma  
og þeir kafa snjó á fullri fart.  
Jólin koma, jólin koma  
allir búast í sitt besta skart.

Hún mamma' er heima' að skúra banka' og bóna  
og bakar sand af fínu tertunum  
og niðri' í bæ er glás af fólki' að góna  
á gjafirnar í búðagluggunum.

Jólin koma, jólin koma  
allir krakkar fá þá fallett dót.  
Jólin koma, jólin koma  
þá er kátt og alls kyns mannamót.

Hann er svo blankur auminginn hann þabbi  
að ekki gat hann gefið mömmu kjól  
svo andvarpar hann úti' á búðalabbi  
það er svo dýrt að halda þessi jól.

Jólin koma, jólin koma  
allt í flækju' og menn í feikna ös.  
Jólin koma, jólin koma  
fólk og bílar allt í einni kös.

## 229. Fimm mínútur í jól

Er það brúða eða bíll -  
bók eða lest?  
Þekkir einhver hér  
þennan jólagest,  
sem læðist um með sekk  
- lætur oní skó -  
meðan lítil börnin sofa vært í ró.

Hvíldu höfuð hljótt.  
Hlustaðu, það kemur senn jólanótt.  
Úti er snjór - úti er kalt  
-úti hljóma jólabjöllur yfir allt

## 230. Jólasveinninn kemur í kvöld

Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,  
ekki nein köll því áðan barst frétt:  
Jólasveinninn kemur í kvöld!  
Hann arkar um sveit og arkar í borg  
og kynja margt veit um kæti og sorg.  
Jólasveinninn kemur í kvöld!  
Hann sér þig er þú sefur,  
hann sér þig vöku í.  
og góðum börnum gefur hann  
svo gjafir, veistu' af því.  
Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,  
ekki nein köll því áðan barst frétt:  
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Með flautur úr tré og fiðlur í sekk,  
bibbidíbe og bekkedíbekk.  
Jólasveinninn kemur í kvöld!  
Og brúður í kjól sem bleyta hvern stól,  
flugvélar, skip og fínustu hjól.  
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Og engan þarf að hryggja  
því allir verða með  
er börnin fara' að byggja sér  
bæ og þorp við jólatréð.  
Hæ! Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,  
ekki nein köll því áðan barst frétt:  
Jólasveinninn kemur í kvöld.

## 231. Prettán dagar jóla

Á jóladaginn fyrsta hann Jónas færði mér  
einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn annan hann Jónas færði mér  
tvær dúfur til - einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn þriðja hann Jónas færði mér  
þrjú spök hænsn,  
tvær dúfur til - einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn fjórða hann Jónas færði mér  
fjögur nautin feit, þrjú spök hænsn,  
tvær dúfur til - einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn fimmta hann Jónas færði mér  
fimmfaldan hring,  
fjögur nautin feit, þrjú spök hænsn,  
tvær dúfur til - einn talandi páfugl á grein.

Á jóladaginn sjötta hann Jónas færði mér  
sex þýða þresti.....

Á jóladaginn sjöunda hann Jónas færði mér  
sjö hvíta svani...

Á jóladaginn áttunda hann Jónas færði mér  
átta kýr með klöfum.....

Á jóladaginn níunda hann Jónas færði mér  
níu skip í naustum....

Á jóladaginn tíunda hann Jónas færði mér  
tíu hús á torgi....

Á jóladaginn ellefta hann Jónas færði mér  
ellefu hallir álfa....

Á jóladaginn tólfta hann Jónas færði mér  
tólf lindir tærar....

Á jóladaginn þrettánda hann Jónas færði mér  
þrettán hesta þæga,

tólf lindir tærar,  
ellefu hallir álfa,  
tíu hús á torgi,  
níu skip í naustum,  
átta kýr með klöfum,  
sjö hvíta svani,  
sex þýða þresti,  
fimmfaldan hring,  
fjögur nautin feit,  
þrjú spök hænsn,  
tvær dúfur til  
einn talandi páfugl á grein.

## 232. Skín í rauðar skotthúfur

Skín í rauðar skotthúfur  
skuggalangan daginn,  
jólasveinar sækja að  
sjást um allan bæinn.  
Ljúf í gleði leika sér  
lítil börn í desember,  
inn í frið og ró, út í frost og snjó  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp  
eru jólapakkar,  
titra öll af tilhlökkun  
tindilfættir krakkar.  
Komi jólakötturinn  
kemst hann ekki bæinn inn,  
inn í frið og ró, inn úr frosti og snjó  
því að brátt koma björtu jólin,  
bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,  
stafa geislum björtum.  
Norðurljósín loga skær  
leika á himni svörtum.  
Jólahátíð höldum vér  
hýr og glöð í desember  
þó að feyki snjór þá í friði og ró  
við höldum heilög jólin  
heilög blessuð jólin.

## 233. Jólasveinarnir

Segja vil ég sögu  
af sveinunum þeim,  
sem brugðu sér hér forðum  
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,  
- eins og margur veit,  
í langri halarófu  
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir  
og gaf þeim tröllumjól,  
en pabbinn Leppalúði,  
- það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,  
- um jólin birtust þeir.  
Og einn og einn þeir komu,  
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán  
þessir heiðursmenn,  
sem ekki vildu ónáða  
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust  
og drógu lokuna úr.  
Og einna helst þeir leituðu  
í eldhús og búr.

Lævisir á svipinn  
þeir leyndust hér og þar,  
til óknyttanna vísir,  
ef enginn nærri var.

Og eins þó einhver sæi,  
var ekki hikað við  
að hrekkja fólk - og trufla  
þess heimilisfrið.

Stekkjaraustur kom fyrstur,  
stinnur eins og tré.  
Hann laumaðist í fjárhúsin  
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,  
- þá varð þeim ekki um sel,

því greyið hafði staurfætur,  
- það gekk nú ekki vel.

Giljagaur var annar,  
með gráa hausinn sinn.  
- Hann skreið ofan úr gili  
og skaut í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum  
og froðunni stal,  
meðan fjósakonnan átti  
við fjósamanninn tal.

Stúfur hét sá þriðji,  
stubburinn sá.  
Hann krækti sér í pönnu,  
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu  
og hirti agnirnar,  
sem brunnu stundum fastar  
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, Þvörusleikir,  
var fjarskalega mjór.  
Og ósköp varð hann glaður,  
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding  
og þvöruna greip,  
og hélt með báðum höndum,  
því hún var stundum sleip.

Sá fimmti, Pottaskefill,  
var skrítið kuldastrá.  
- Þegar börnin fengu skófir  
hann barði dyrnar á.

Þau ruku' upp, til að gá að  
hvort gestur væri á ferð.  
Þá flýtti' ann sér að pottinum  
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti, Askasleikir,  
var alveg dæmalaus. -  
Hann fram undan rúmumum  
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólk setti askana  
fyrir kött og hund,  
hann slunginn var að ná þeim  
og sleikja á ýmsa lund.

Sjöundi var Hurðaskellir,  
- sá var nokkuð klúr,  
ef fólk vildi í rökkrinu  
fá sér væran dúr.

Hann var ekki sérlega  
hnugginn yfir því,  
þó harkalega marraði  
hjörunum í.

Skyrjarmur, sá áttundi,  
var skelfilegt naut.  
Hann hlemminn o' n af sánum  
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig  
og yfir matnum gein,  
unz stóð hann á blístri  
og stundi og hrein.

Níundi var Bjúgnakrækir,  
brögðóttur og snar.  
Hann hentist upp í rjáfrin  
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann  
í sóti og reyk  
og át þar hangið bjúga,  
sem engan sveik.

Tíundi var Gluggagægir,  
grályndur mann,  
sem laumaðist á skjáinn  
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni  
álitlegt að sjá,  
hann oftast nær seinna  
í það reyndi að ná.



Ellefti var Gáttapefur,  
- aldrei fékk sá kvef,  
og hafði þó svo hlálegt  
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði  
upp á heiðar fann,  
og léttur, eins og reykur,  
á lyktina rann.

Ketkrókur, sá tólfti,  
kunni á ýmsu lag. -  
Hann þrammaði í sveitina  
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,  
þegar kostur var á.  
En stundum reyndist stuttur  
stauturinn hans þá.

Þrettáandi var Kertasníkir,  
- þá var tíðin köld,  
ef ekki kom hann síðastur  
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,  
sem brostu, glöð og fín,  
og trítluðu um bæinn  
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,  
- sagan hermir frá, -  
á strák sínum þeim sátu  
og störfðu ljósin á.

Svo tíndust þeir í burtu,  
- það tók þá frost og snjór.  
Á Þrettáandanum síðasti  
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumunum  
er fennt í þeirra slóð.  
- En minningarnar breytast  
í myndir og ljóð.

## 233. Heims um ból

Heims um ból helg eru jól.  
Signuð mæ'r son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins.  
En gjörvöll mannkind.  
:meinvill í myrkrinu lá:

Heimi í hátíð er ný.  
Himneskt ljós lýsir ský.  
Liggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur  
hins andlega seims,  
:konungur lífs vors og ljóss:

Heyra má himnum í frá  
englasöng, allelúja.  
Friður á jörðu, því faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
:samastað syninum hjá:

## 234. Álfareiðin

Stóð ér úti í tunglsljósi,  
stóð ég út við skóg.  
Stórir komu skarar,  
af álfum var þar nóg.  
Blésu þeir á sönglúðra,  
þar þá að mér fljótt,  
:bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt:

Hleyptu þeir á fannhvítum  
hestum yfir grund,  
hornin jóa gullroðnu  
blika við lund,  
eins og þegar álftir  
af ísa grárri spöng  
:fljúga suður heiði  
með fjaðrapyt og söng:

Heilsaði hún mér drottningin  
og hló að mér um leið,  
hló að mér og hleypti  
hestinum á skeið.  
Var það út af ástinni  
ungu sem ég ber?  
:eða var það feigðin  
sem kallar að mér?

## 235. Máninn hátt á himni skín

Máninn hátt á himni skín,  
hrímfölnur og grár.  
Líf og tími líður  
og liðið er nú ár.

Viðlag:  
Bregðum blysum á loft,  
bleik þau lýsa um grund.  
Glottir tungl og hrín við hrönn  
og hratt flýr stund.

Kyndla vora hefjum hátt,  
horfið kveðjum ár.  
Dátt við dansinn stígum.  
Dunar ísinn grár.

Viðlag:

Nú er veður næsta frítt,  
nóttin er svo blíð.  
Blaktir blys í vindi,  
blaktir líf í tíð.

Viðlag:

## 236. Nú árið er liðið

Nú árið er liðið í aldanna skaut  
og aldrei það kemur til baka.  
Nú gengin er sérhver  
þess gleði og þraut,  
það gjörvallt er runnið  
á eilífðarbraut.  
En minning þess víst  
skal þó vaka.

## Efnisyfirlit

|     |                                     |   |     |  |    |
|-----|-------------------------------------|---|-----|--|----|
| 1.  | Í leikskóla er gaman.....           | 1 | 36. | Pálína með prikið.....                 | 10 |
| 2.  | Mér finnst gott að borða.....       | 1 | 37. | Pálína og saumamaskínan.....           | 10 |
| 3.  | Allur matur.....                    | 1 | 38. | Dansi, dansi dúkkan mín.....           | 10 |
| 4.  | Dansar á pallinum.....              | 1 | 39. | Það er leikur að læra.....             | 10 |
| 5.  | Á Vesturkoti er gaman.....          | 2 | 40. | Puttalagið.....                        | 10 |
| 6.  | Dýravisur.....                      | 2 | 41. | Allir krakkar, allir krakkar.....      | 11 |
| 7.  | Tönnin mín.....                     | 2 | 42. | Við erum vinir.....                    | 11 |
| 8.  | Kisa mín.....                       | 2 | 43. | Við erum góð, góð hvert við annað..... | 11 |
| 9.  | Gæsamamma.....                      | 3 | 44. | Dagar og mánuðir.....                  | 11 |
| 10. | Ég ætla að syngja.....              | 3 | 45. | Upp, upp, upp á fjall.....             | 11 |
| 11. | Við klöppum öll í einu.....         | 3 | 46. | Bjarnastaðabeljurnar.....              | 12 |
| 12. | Það var einu sinni api.....         | 4 | 47. | Ef þú giftist mér.....                 | 12 |
| 13. | Dýrin í Afríku.....                 | 4 | 48. | Ein sit ég og sauma.....               | 12 |
| 14. | Ein stutt, ein löng.....            | 5 | 49. | Komdu nú og kysstu mig.....            | 12 |
| 15. | Ding, dong.....                     | 5 | 50. | Snati og Óli.....                      | 13 |
| 16. | Fimm litlir apar sátu uppí tré..... | 5 | 51. | Komdu niður.....                       | 13 |
| 17. | Fimm litlir apar, hoppa á dýnu..... | 5 | 52. | Ef þú ert súr, vertu þá sætur.....     | 13 |
| 18. | Fingurnir + Tásurnar.....           | 6 | 53. | Hey balúba.....                        | 14 |
| 19. | A ramm samm samm.....               | 6 | 54. | Stökur.....                            | 14 |
| 20. | Dúkkan hennar Dóru.....             | 6 | 55. | Ó hangikjöt, ó hangikjöt.....          | 14 |
| 21. | Nafnalagið.....                     | 6 | 56. | Búddi fór í bæinn.....                 | 14 |
| 22. | Í rigningu ég syng.....             | 6 | 57. | Hjólin á strætó.....                   | 15 |
| 23. | Litli Óli í skógi.....              | 7 | 58. | Stóra brúin.....                       | 15 |
| 24. | Tvö skref til hægri.....            | 7 | 59. | Tilfinningablús.....                   | 15 |
| 25. | Lagið um það sem er bannað.....     | 7 | 60. | Hreyfa litla fingur.....               | 15 |
| 26. | Bátasmiðurinn.....                  | 7 | 61. | Gulur, rauður, grænn og blár.....      | 16 |
| 27. | Faðir Abraham.....                  | 8 | 62. | Litalagið.....                         | 16 |
| 28. | Ryksugan á fullu.....               | 8 | 63. | Gjuggíbú.....                          | 16 |
| 29. | Gráðug kelling.....                 | 8 | 64. | Kalli litli könguló.....               | 16 |
| 30. | A og bé.....                        | 8 | 65. | Fiskalagið.....                        | 17 |
| 31. | Þyrnirós.....                       | 9 | 66. | Höfuð, herðar, hné og tær.....         | 17 |
| 32. | Bangsi lúrir.....                   | 9 | 67. | Keli káti karl.....                    | 17 |
| 33. | Tröllalagið.....                    | 9 | 68. | Litlu andarungarnir.....               | 17 |
| 34. | Hérna koma nokkur risatröll.....    | 9 | 69. | Uglan.....                             | 18 |
| 35. | Skýin.....                          | 9 | 70. | Við erum söngvasveinar.....            | 18 |
|     |                                     |   | 71. | Tumi fer á fætur.....                  | 18 |

|      |                                      |    |      |   |    |
|------|--------------------------------------|----|------|---|----|
| 72.  | Ausutetur .....                      | 18 | 108. | Súrmjólk í hádeginu.....                | 30 |
| 73.  | Gamli Nói .....                      | 19 | 109. | Göngum, göngum .....                    | 30 |
| 74.  | Ég lonniétturarnar lét á nefið ..... | 19 | 110. | Berta bakarísterta.....                 | 30 |
| 75.  | Óskasteinar .....                    | 20 | 111. | Ég skal mála allan heiminn.....         | 30 |
| 76.  | Ég heyri svo vel.....                | 20 | 112. | Ó, mamma gef mér rós .....              | 30 |
| 77.  | Litlir kassar á lækjarbakka .....    | 20 | 113. | Hafið, bláa hafið .....                 | 31 |
| 78.  | Krókódill í lyftunni minni.....      | 20 | 114. | Aravísur.....                           | 31 |
| 79.  | Það búa litlir dvergar.....          | 21 | 115. | Í Hlíðarendakoti.....                   | 31 |
| 80.  | Prumpulagið .....                    | 21 | 116. | Óður til gleðinnar .....                | 31 |
| 81.  | Halli á grúfunni .....               | 21 | 117. | Siggi var úti.....                      | 32 |
| 82.  | Uppi' á grænum hól .....             | 22 | 118. | Guttavísur .....                        | 32 |
| 83.  | Lína langsokkur.....                 | 22 | 119. | Ba bú, ba bú .....                      | 33 |
| 84.  | Hóký póký .....                      | 22 | 120. | Ef gangan er erfið .....                | 33 |
| 85.  | Kanntu brauð að baka? .....          | 23 | 121. | Kveikjum eld.....                       | 33 |
| 86.  | Syngjandi hér, syngjandi þar .....   | 23 | 122. | Skugginn.....                           | 33 |
| 87.  | Meistari Jakob .....                 | 24 | 123. | Litla flugan .....                      | 33 |
| 88.  | Piparkökusöngurinn.....              | 24 | 124. | Fatavísur .....                         | 34 |
| 89.  | Druslulagið .....                    | 24 | 125. | Lítill heimur .....                     | 34 |
| 90.  | Vér göngum svo léttir í lundu .....  | 25 | 126. | Hver var að hlæja .....                 | 34 |
| 91.  | Fimmeyringurinn .....                | 25 | 127. | Kolakassinn .....                       | 34 |
| 92.  | Mamma borgar.....                    | 25 | 128. | Furðuverk.....                          | 34 |
| 93.  | Veistu að ég á lítinn dreng.....     | 25 | 129. | Hér búálfur á bænum er.....             | 35 |
| 94.  | Kátir voru karlar.....               | 25 | 130. | Allir hafa eitthvað til að ganga á..... | 35 |
| 95.  | Lítu inn í Latabæ .....              | 26 | 131. | Góða mamma.....                         | 35 |
| 96.  | Íþróttaálfurinn .....                | 26 | 132. | Grænmetisvísur .....                    | 35 |
| 97.  | Solla stirða.....                    | 26 | 133. | Systa mín litla .....                   | 36 |
| 98.  | Einn hljómlistarmaður .....          | 26 | 134. | Ég á gamla frænku .....                 | 36 |
| 99.  | Fingrapolki.....                     | 27 | 135. | Indíáanalagið.....                      | 36 |
| 100. | Á Sprengisandi.....                  | 27 | 136. | Á bjargi byggði.....                    | 37 |
| 101. | Mikki frændi .....                   | 27 | 137. | Djúp og breið.....                      | 37 |
| 102. | Datt í sjóinn .....                  | 27 | 138. | Hver hefur skapað blómin björt .....    | 37 |
| 103. | Ræningjarnir leita .....             | 28 | 139. | María systir .....                      | 37 |
| 104. | Bullutröll .....                     | 28 | 140. | Palli var einn í heiminum .....         | 37 |
| 105. | Ég langömmu á .....                  | 29 | 141. | Hresstu þig við.....                    | 38 |
| 106. | Bangsímon.....                       | 29 | 142. | Krummi krunkar úti .....                | 38 |
| 107. | Alli, Palli og Erlingur .....        | 29 | 143. | Krumminn á skjánum.....                 | 38 |

|      |                               |    |      |  |    |
|------|-------------------------------|----|------|--|----|
| 144. | Krumminn í hlíðinni .....     | 38 | 180. | Undir <i>bláhimni</i> .....                | 48 |
| 145. | Krummi svaf í klettagjá ..... | 38 | 181. | Ef væri ég söngvari .....                  | 48 |
| 146. | Dvel ég í draumahöll .....    | 39 | 182. | Bráðum fæðast lítil lömb .....             | 48 |
| 147. | Fylgd.....                    | 39 | 183. | Haustvísa.....                             | 49 |
| 148. | Vinátta .....                 | 39 | 184. | Fönn, fönn, fönn .....                     | 49 |
| 149. | Ísland er land þitt.....      | 40 | 185. | Að gæta hennar gildir hér og nú.....       | 49 |
| 150. | Kvæðið um fuglana .....       | 40 | 186. | Úti er alltaf að snjóa .....               | 49 |
| 151. | Myndin hennar Lísu .....      | 40 | 187. | Allir hlæja á Öskudaginn .....             | 50 |
| 152. | Þytur í laufi.....            | 41 | 188. | Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur .... | 50 |
| 153. | Í bljúgri bæen .....          | 41 | 189. | Snjókorn falla .....                       | 50 |
| 154. | Ef þig langar að syngja ..... | 41 | 190. | Ég hlakka svo til .....                    | 50 |
| 155. | Kvöldsigling .....            | 41 | 191. | Frost er úti fuglinn minn .....            | 50 |
| 156. | Bí bí og blaka .....          | 42 | 192. | Nú er úti norðanvindur .....               | 51 |
| 157. | Sofðu unga ástin mín .....    | 42 | 193. | Þorraprællinn 1866.....                    | 51 |
| 158. | Vertu til .....               | 43 | 194. | Tólf bræður .....                          | 52 |
| 159. | Með sól í hjarta.....         | 43 | 195. | Tölnar .....                               | 52 |
| 160. | Vikivakar .....               | 43 | 196. | Klukkurím.....                             | 52 |
| 161. | Vorsöngur Ídu .....           | 43 | 197. | Fingravísa .....                           | 52 |
| 162. | Vorvindar glaðir .....        | 44 | 198. | Pulan um líkamann .....                    | 53 |
| 163. | Í fjalladal.....              | 44 | 199. | Sól skín á fossa .....                     | 53 |
| 164. | Út um mela og móa .....       | 44 | 200. | Græn eru laufin .....                      | 53 |
| 165. | Maístjarnan .....             | 44 | 201. | Fagur fiskur í sjó .....                   | 53 |
| 166. | Sá ég spóa.....               | 45 | 202. | Bokki sat í brunni.....                    | 54 |
| 167. | Vorið góða.....               | 45 | 203. | Dagarnir .....                             | 54 |
| 168. | Heiðlóukvæði .....            | 45 | 204. | Bráðum koma blessuð jólin.....             | 55 |
| 169. | Lóan er komin.....            | 45 | 205. | Jólasveinar einn og átta .....             | 55 |
| 170. | Krakkar út kátir hoppa .....  | 45 | 206. | Jólasveinar ganga um gólf.....             | 55 |
| 171. | Nú er sumar .....             | 45 | 207. | Jólasveinninn minn .....                   | 55 |
| 172. | Signir sól.....               | 46 | 208. | Það á að gefa börnum brauð.....            | 55 |
| 173. | Sól, sól skín á mig.....      | 46 | 209. | Aðventusöngur .....                        | 56 |
| 174. | 17. júní .....                | 46 | 210. | Á jólunum er gleði og gaman. ....          | 56 |
| 175. | Öxar við ána .....            | 46 | 211. | Bjart er yfir Betlehem .....               | 56 |
| 176. | Vaki, vaki.....               | 47 | 212. | Ég sá mömmu kyssa jólasvein .....          | 57 |
| 177. | Sumarkveðja.....              | 47 | 213. | Í skóginum stóð kofi einn .....            | 57 |
| 178. | Fram í heiðanna ró.....       | 47 | 214. | Adam átti syni sjö .....                   | 57 |
| 179. | Út um mó .....                | 47 | 215. | Þá nýfæddur Jesús.....                     | 57 |

|      |                                     |    |
|------|-------------------------------------|----|
| 216. | Göngum við í kringum.....           | 57 |
| 217. | Nú skal segja.....                  | 58 |
| 218. | Gekk ég yfir sjó og land .....      | 58 |
| 219. | Jólin alls staðar .....             | 58 |
| 220. | Skreytum hús.....                   | 58 |
| 221. | Aðfangadagskvöld .....              | 58 |
| 222. | Gefðu mér gott í skóinn .....       | 59 |
| 223. | Babbi segir.....                    | 59 |
| 224. | Snjókorn falla á allt og alla ..... | 59 |
| 225. | Litla jólabarn.....                 | 60 |
| 226. | Meiri snjó .....                    | 60 |
| 227. | Hátíð í bæ.....                     | 60 |
| 228. | Jólin koma .....                    | 61 |
| 229. | Fimm mínútur í jól .....            | 61 |
| 230. | Jólasveinninn kemur í kvöld .....   | 61 |
| 231. | Þrettán dagar jóla .....            | 62 |
| 232. | Skín í rauðar skotthúfur .....      | 62 |
| 233. | Jólasveinarnir .....                | 63 |
| 233. | Heims um ból.....                   | 64 |
| 234. | Álfareiðin.....                     | 65 |
| 235. | Máninn hátt á himni skín .....      | 65 |
| 236. | Nú árið er liðið.....               | 65 |